

SHAUÐOR
skoðun 14



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt



Reynir við Ermarsund
Árni Þór Árnason sjósundkappi
ætla sér að synda yfir
Ermarsund í sumar.
allt 1



FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

24. maí 2011
119. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGBLAÐ ÍSLANDS
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt heimild: Síðan 2001 hefur 10. árgangurinn verið lesinn af fleiri en 100.000 íslendingum.



Sundlaugarfjör

Ýmsar uppákomur verða á bakka Breiðholtslaugar sem er 30 ára.

tímamót 16

Vinátta

„Eitt af því dýrmætasta í lífinu er traust og varanleg vinátta,“ skrifar Jónína Michaelsdóttir.

í dag 15




Príbrotinn í andliti

Tryggvi Guðmundsson fékk þungt höfuðhögg en lætur það ekki á sig fá.

sport 26

veðrið í dag



DREGUR ÚR VINDI víðast hvar er líður á daginn, en allhvöss N-átt austantil fram eftir degi. Skýjað og styttr upp norðan- og austanlands. Hiti 1-10 stig.

VEÐUR 4

Lactoghurt daily

Einstök blanda mjólkursýrugerla



Með daglegri inntöku mjólkursýrugerla getur þú stuðlað að bættri parmaflöru, jafnað ástand meltingarinnar og komið á jafnvægi.

Ráðlagður dagskammtur er 1 hylki á dag. Lactoghurt fæst í apótekum.



ROKIÐ HREINSAR LOFTIÐ Heldur birti til á Kirkjubæjarklaustri seinnipart dags í gær þegar bæta tók í vind. Mikil aska var enn í loftinu og þurftu björgunarsveitarmennirnir Eiríkur Vilhelm Sigurðarson og Grétar Einarsson að fylgja Sigbrúði Ingimundardóttur, forstöðukonu Hjúkrunar- og dvalarheimilis Kirkjubæjarklausturs, heim eftir erfiða vakt á tíunda tímanum í gærkvöldi.

Barnafólkið leggur á flóttu undan öskubyl

Björgunarsveitarmenn þurftu að hemja þakplötur sem fuku í öskubyl á Kirkjubæjarklaustri í gærkvöldi. Barnafólk flýr öskurbylinn í Skaftárhreppi. Læknir óttast um andlega heilsu fólks í öskukófinu. Dæmi eru um að dýr hafi drepist.

ELDGOS Mannlíf í Skaftárhreppi er lamað vegna gríðarlegs öskubyls sem breytt hefur degi í dimma nótt frá því á sunnudag. Hávaðarok var á svæðinu í gærkvöldi og þakplötur og annað lauslegt fauk. Ekki hefur verið tilkynnt um slys á fólki en dýr hafa drepist í öskukófinu.

Eldgosið í Grímsvötnum var nokkuð stöðugt í gær. Gosmökkurinn náði fimm til sjö kílómetra hæð og barst suður á bóginn undan sterkri norðanátt í gærkvöldi. Lítils háttar aska féll í öllum landslutum utan Vestfjarða í gær.

Skólar og leikskólar voru víða lokaðir og athafnalíf lamað í öskuskýinu. Talsvert er um að barnafólk hafi flúið svæðið.

Þjóðvegur 1 hefur verið lokaður frá því á sunnudag milli Víkur í Mýrdal og Freysness vegna ösku, en athuga á í dag hvort hægt verður að opna veginn.

Björgunarsveitarmenn brugðust hratt við þegar þakplötur fóru að fjúka af nýbyggingu á Kirkjubæjarklaustri. Björgunarsveitir fluttu fólk milli staða í öskukófinu, og komu vatni, lyfjum og öðrum nauð-

Við ráðum ekki hvað gerist í gosinu, en við ráðum því hvernig við bregðumst við.

SIGURÐUR ÁRNASON
HÉRAÐSLÆKNIR

synjavörum til þeirra sem þurftu á þeim að halda.

Öskufallið og myrkrið sem því fylgir getur haft mjög neikvæð áhrif á líðan fólks segir Sigurður Árnason, héraðslæknir á Kirkjubæjarklaustri. „Núna er bjartasti tími ársins svo þetta niðarmyrkur kemur eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Ef þetta ástand varir lengi munu vandamál fólksins aukast og verða erfiðari.“

Sigurður segir það kost hversu lítið samfélagið sé. Læknar hringi reglulega í fólk til að kanna líðan þess. „Við ráðum ekki hvað gerist í gosinu, en við ráðum því hvernig við bregðumst við og hjálpum þeim sem eiga að binda.“

Dæmi eru um að dýr hafi drepist eftir að hafa hrakist út í skurði,

væntanlega blinduð af öskunni, segir Gunnar Þorkelsson, héraðsdýralæknir Vestur-Skaftafellsumdæmis. „Askan fer í augun og dýrin sjá ekki nokkurn skapaðan hlut frekar en við.“

Ferðamenn eru flestir farnir af því svæði sem verst hefur orðið úti. Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að þrátt fyrir erfitt ástand sé enn sem komið er afar lítið um afbókanir fram í tímann hvort sem er undir Vatnajökli eða annars staðar á landinu.

Keflavíkurflugvöllur opnaði aftur í gærkvöldi eftir rúmlega sólarhringslokun. Mikið annríki var á flugvellinum en tæplega tíu þúsund farþegar urðu fyrir töfum vegna lokunarinnar. Talsmenn Icelandair og Iceland Express búast við að um tvo sólarhringa taki að vinna upp tafir vegna lokunarinnar haldist flugvöllurinn opinn.

Nokkur erlend flugfélög höfðu í gærkvöldi frestað flugi til og frá Skotlandi, en spár gera ráð fyrir því að aska nái til Skotlands í dag.

- bj, sv / sjá síðu 4 til 10

Eagles-liðar gera kröfur: Silfurhnífapör og bíl á mann

FÓLK Hljómsveitin Eagles, sem heldur tónleika í Laugardalshöll 9. júní, gerir miklar kröfur um aðbúnað. Maturinn þarf að vera ferskur, vínberin rétt þroskuð, egginn rétt soðin og þá skal matur borinn fram á leirtauki og hnífapör eiga að vera úr silfri. Þá gera þeir kröfu um sér búningsherbergi og bíl fyrir hvern og einn.

- afb / sjá síðu 30

SUMARTILBOÐ Verð frá 19.800 kr

Kemur með uppsettu
Íslensku skjályklaborði



Erum á móti Ikea í gallery Art2b

2b.is

Kaupstún 3 - Garðabær - 5.5 800 800 - www.2b.is

Nýr

A la Carte

Nýr 4ra rétta seðill og A la Carte í Perlunni

4ra rétta seðill

verð 7.490 kr.

LYSTAUKI
Gæsa "Carpaccio"

REYKT BLEIKJA
hægelduð með radísum, wakamesalati og wasabi-ís
1 glas. Collezione Pinot Grigio Sensi – Ítalía

HÖRPUSKEL OG HUMAR TEMPURA
með graskermauki, paprikusalsa og chilikremi
1 glas. Collezione Pinot Grigio Sensi – Ítalía

LAMBAHRYGGUR
ofnbakaður með grænertum, rôtargrænmeti,
fondant kartöflu og rósmarínsósu
1 glas. "La Montesa" Crianza – D.O.C. Rioja – Spánn

*** eða ***
FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni
útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar
1 glas. Sancerre Sélection Première – Guy Saget – Frakkland

PASSION TERTA
með hindberjamottu og vanilluís
1 glas. Late Harvest Sauvignon Blanc – Concha Y Toro – Chile
Verð 12.380 kr. með 1 glasi af sérvöldu víni með hverjum rétti (alls 4 glös).

Gjafabréf
Perlunnar
Góð gjöf við
öll tækifæri!

Vissir þú?

Að uppskriftin af humarsúpu Perlunnar (sem er á A la Carte seðlinum) kemur frá belgíska matreiðslumeistararum Pierre Romeyer. Hann er af jafningjum talinn vera einn besti matreiðslumaður síðustu aldar. Hann gaf aldrei út matreiðslubók en hann gaf matreiðslumeisturum Perlunnar allar sínar uppskriftir!



Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is



ELDGOS Í GRÍMSVÖTNUM

Náðu að klára prófin fyrir helgi en lokapartíi aflýst

Á Kirkjubæjarklaustri bíður fólk þess að af létti myrkri öskubylsins. Inni í skjóli bíða til dæmis systurnar Fjóla og Svava, önnur eftir því að grunnskólinn opni, hin eftir leikskólanum. Hvorug er hrædd við öskuna.

„Sem betur fer vorum við með grímu,“ segir Svava Margrét Sigmarsdóttir, nýorðin sex ára leikskólamaer á Kærabæ á Kirkjubæjarklaustri, þegar hún lýsir því hvernig hún fór með móður sinni á milli húsa í bænnum til að heim-sækja „Laugu frænku“. Hún segist ekkert vera hrædd þó að myrkur sé um miðjan dag og blint í öskufjúkinu, enda hafi hún séð öskufall frá Eyjafjallajökli í fyrra. „En þá var ekki svona mikið myrkur eins og núna.“

Ekki er þó allt jafn ánægjulegt því Svava hafði séð hvernig lítill fugl barðist í eldhúsglugganum dágóða stund og vildi komast inn. „Svo stoppaði hann og datt niður og dó,“ sagði litla stúlkan. Hún játti því þó að kannski væri sennilegt, sem Kristín Ásgeirsdóttir móðir hennar skaut inn í samtalið, að fuglinn hefði áreiðanlega fundið skjól undir runna. Þá bætti pabbinn, Sigmar Helgason, því við að þróstur hefði hagað sér óvenjulega um morguninn þegar hann tók veðrið og hoppað um á regnskálinni í stað þess að forða sér á meðan hann athafnaði sig. Sigmar er umsjónarmaður veðurstöðvarinnar á Klaustri.

Maður er bara feginn að hafa húsaskjól og nóg að bíta og brenna. Búðin er opin og hvaðeina.

Stóra systir Svövu, Fjóla Berg-rún Sigmarsdóttir, er að útskrifast úr 10. bekk Kirkjubæjarskóla. Báðar eru heima því skóla- og leikskólahaldi hefur verið aflýst á Kirkjubæjarklaustri meðan ófært er vegna öskufoks og myrkurs. Í Reykjavík er að hefjast prófaviða. „En við kláruðum prófin akkúrat í síðustu viku,“ segir Fjóla. „Það átti hins vegar að vera útskriftarpartí hjá okkur í kvöld, en það verður bara að hafa það,“ bætir hún við. Stefnt er að skólaslitum 1. júní næstkomandi, en óvíst hvað verður um skólahald þangað til. Útskriftarnemarnir verði því líklega af „Vordögum“, frjálslegri skóladögum og leikjum sem áttu að vera fram að skólaslitum.

Fjölskyldufólkið, rétt eins og aðrir á Klaustri, virðist láta sér ástandið í léttu rúmi liggja. „Maður er bara feginn að hafa húsaskjól og nóg að bíta og brenna. Búðin er opin og hvaðeina,“ segir Kristín. Þau hjón víðurkenna þó að nokkurt verk sé fyrir dryrum við hreinsistarf á Klaustri, svo sem við að sópa ösku af húsþökum. „Það blæs ekki af þeim hér undir fjallinu. En við höfum nógan tíma,“ segir Sigmar. **olirk@frettabladid.is**

KRISTÍN ÁSGEIRSDÓTTIR



KYNDILSFÓLK Pálína Pálsdóttir, Þorbergur Jónsson og Rúnar Guðnason vörpuðu öndinni um stund á lagernum í Kjarvali, kjörbúðinni á Klaustri, í hádegina í gær. **FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM**

Öskunni er sama um stressið í fólkinu

„Það er allt í lagi með fólk,“ segir Rúnar Guðnason, björgunarsveitarmaður hjá björgunarsveitinni Kyndli á Kirkjubæjarklaustri. Hann segir íbúa á svæðinu lítið kippa sér upp við hamfarirnar í náttúrunni, frekar að fólk bíði þess rólegt að látunum sloti. „Þetta er sama askan hvort sem menn eru stressaðir eða ekki,“ bætir hann við. Rúnar, sem er smiður, var með félögum sínum á ferðinni víða um bæ á Kirkjubæjarklaustri í gær. Með honum í för voru þau Þorbergur Jónsson og Pálína Pálsdóttir, þegar fulltrúar blaðsins rákust á þau í kjörbúð staðarins. Pálína kvaðst komin heim í fjörið, en hún stundar annars nám í Borgarholtskóla í Grafarvogi. „En ég kem yfirleitt austur á sumrin til að vinna.“



SYSTUR Fjóla Berg-rún og systir hennar, Svava Margrét, láta ekki myrka daga og öskufjúk trufla sig um of. Sú yngri er dugleg að leika sér og hin styttir sér stundir í tölunni. **FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM**

Heimamenn kaupa öðruvísi vöru

Unnar Steinn Jónsson, verslunarstjóri og bakari í Kjarvali á Kirkjubæjarklaustri, gantaðist með að líkast til hafi hann nú rætt við alla fjölmiðla landsins, en þá stund sem fulltrúar Fréttablaðsins stoppuðu í versluninni var meira um fjölmiðlafólk þar en heimamenn. „Þetta hefur nú samt verið reytingur af fólki,“ sagði Unnar um hádegisbil í gær. „Svona þegar fréttist að það væri opið,“ bætir hann við og kveður dálítinn mun á því hvað fólk kaupi inn, eftir því hvort um er að ræða heimamenn eða fréttafólk. „Heimamennirnir kaupa mjólk og ferskvöru,“ segir hann og kveður hina fremur fara í sælgaetið og gosið. „Það er hins vegar allt til enn þá,“ segir hann og kveðst ekki þurfa að hafa áhyggjur af samlokum sem gætu verið að renna út, þær séu ekki til sölu í búðinni. Annað sem þyrfti gæti hann svo bakað sjálfur.



UNNAR STEINN JÓNSSON Unnar er verslunarstjóri í Kjarvali og grínast með að hann sé líka héraðsbakari. **FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM**

Stutt frá síðasta Skaftárhlaupi: Ekki miklar líkur á hlaupi

Ekki er talið líklegt að stórt hlaup verði úr Grímsvötnum vegna eldgossins á næstunni. Síðast hljóp úr Grímsvötnum í Skaftá í fyrra og því hefur lítið vatn safnast þar saman auk þess sem þunnur ís var yfir öskjunni. Því bráðnar minna magn af ís og minna bætist í vatnið. Vatnið sem safnast saman mun flýta fyrir næsta hlaupi. Ef gosið flyst þangað sem ísinn er þykkari verður líklegra að hlaup verði. Jökulhlaup urðu nokkru eftir að síðustu tvö gos í Grímsvötnum hófust, árin 1998 og 2004.

Flrei þúsund strandaglópar: Hefur áhrif á réttindi farþega

Tæplega tíu þúsund flugfarþegar hafa orðið fyrir töfum af völdum eldgossins í Grímsvötnum. Samkvæmt lögum eiga viðkomandi rétt á ýmis konar aðstoð eða bótum svo sem á endurgreiðslu eða breytingu á flugleið. Þá segir á vef Neytendastofu að í öllum tilfellum eigi farþegar sem lenda í seinkun eða aflýsingu rétt á tiltekinni aðstoð eins og mat og gistingu meðan á töfinni stendur. Á vefnum er farið nánar yfir rétt flugfarþega en jafnframt má nefna að flugfélag er ábyrgt fyrir ferðakostnaði milli flugvallar ef flugi er beint á annan flugvöll.

Ráðherra ferðamála: Upplýsingarnar í réttan farveg

„Þegar gaus í Eyjafjallajökli settum við saman viðbragðsteymi út af ferðaþjónustunni. Við áttum þetta teymi og gátum brugðist hraðar við,“ segir Katrín Júlíusdóttir ferðamálaráðherra. Um leið og gosið í Grímsvötnum hófst var upplýsingum komið á framfæri við erlenda fjölmiðla. Viðbragðsteymið kemur saman á hverjum morgni en það er skipað fulltrúum ráðuneyta, Almanna- varna, embættis forseta Íslands, Reykjavíkurborgar og ýmissa aðila sem tengjast ferðaþjónustu. „Almannavarnir eru þungamiójan í þessu. Við erum með mjög fjáa samstillingu á allri upplýsingaveitu sem kemur beint frá þeim. Við þurfum að gæta okkar á því að hlaupa ekki fram úr okkur í hvoruga áttina, hvorki of né van,“ segir Katrín.

SIEMENS Þvottavélar og þurrkarar nú á **tilboðsverði**

Þvottavél - WM 12Q460DN
Tilboðsverð: **124.900 kr. stgr.**
(Verð áður: 139.900 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Ariel þvottaefni og Lenor mýkingarefni fylgja með öllum Siemens þvottavélum.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

BATNANDI VEÐUR
Fram undan eru breytingar í veðri en það lægir til kvölds og verður víðast hvar hægvíðri á morgun og þurr að mestu. Hægt vaxandi sunnanátt með vætu sunnan og vestan til síðdegis á fimmtudag og hlýnandi veður.

Á MORGUN Hæg norðlæg eða breytileg átt.
FIMMTUDAGUR Hægt vaxandi S-átt SV-til í fyrstu.

HEIMURINN

Alicante	25°
Basel	27°
Berlín	21°
Billund	13°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	26°
Gautaborg	14°
Kaupmannahöfn	14°
Las Palmas	22°
London	16°
Mallorca	30°
New York	29°
Orlando	33°
Ósló	14°
París	18°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	15°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

VORTILBOÐ

20-50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!

ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.



12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

VORTILBOÐ

Frí heimsending á hjónarúmunum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!


RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

- Finnurðu fyrir eymslum í mjóðum?
- Vaknarðu oft með verki í mjóðum?
- Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
- Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
 - hryggskekkju
 - brjósklos
 - samföllum hryggjaliðum
 - spengdum hryggjaliðum
 - gigt, til dæmis:
 - slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu



VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



ELDGOS Í GRÍMSVÖTNUM

Skólabornum haldið inni vegna öskufalls í gær:

Aska yfir Reykjavík

Grunnskólar og leikskólar á höfuðborgarsvæðinu héldu almennt börnum innandyrna í gær vegna svifryksmengunar. Sama gilti um skóla fyrir austan fjall.

María Róbertsdóttir, leiðbeinandi á leikskólanum Geislabaugi í Grafarholti, segir börnin hafa verið inni allan daginn. „Þeim fannst þetta allt í lagi enda eru þau von að vera inni einn og einn dag vegna veðurs.“

Óskar S. Einarsson, skólustjóri Fossvogsskóla, kvað algera stillu hafa verið í Fossvogsdalnum fyrir hádegi og börnunum þá verið haldið inni í frímínútum. „Ef maður stappaði niður fótum eða driplaði bolta þá sást að það þyrldist upp ryk,“ sagði Óskar sem endurmat stöðuna í hádeginu og gaf börnunum val um að fara út. „Það voru einstaka sem nýttu sér það en flestir voru inni.“

Jónína Ágústsdóttir, skólustjóri Akurskóla í Njarðvíkum, sagði að þar hefði ekkert verið því til fyrirstöðu að hleypa börnunum út. Tveir bekkir ellefu og tólf ára barna hafi fylgt eftir áformum um að fara í




MISTUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU Öskumistrið sem lagðist yfir á sunnudagskvöld lá enn yfir í gær og hélt skólabornum innandyrna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

skoðunarferð til Reykjavíkur. „Við létum þau hafa grímur en þegar til kom þá vildu þau ekki nota þær því þeim fannst ekki vera svo mikil aska,“ sagði Jónína.

Í Vesturbæjarskóla í Reykjavík voru krakkarnir inni fram að hádegi. Hildur Hafstað segir börnin hafa fengið að fara út í frímínútur í hádeginu. „Þau þurfa að fá að hlaupa dálítið og voru óskaplega ánægð þegar þau fengu að fara út,“ sagði Hildur.

- gar

Hamfarasvæðið og leiðbeiningar



* Skólahald liggur niðri, sennilega alla vikuna
 ** Hvolsskóli lokaður í dag en sennilega opinn á morgun

Áhrifasvæði öskunnar

Öskufall og öskufjúk hefur sett daglegt líf úr skorðum í nágrenni eldgossins. Íbúum á Suðurlandi hefur víða verið ráðlagt að halda sig innandyrna.

Skiptar skoðanir um öskumælingar

Dr. Jónas Elíasson prófessor gagnrýnir verklag við öskumælingar. Hann segir innlenda aðila geta gert nákvæmari rannsóknir, koma þurfi upp tækjabúnaði hérlendis. Flugmálayfirvöld segja of staðbundnar mælingar ekki nógu öruggar.

Eftir að flugumferð um innlenda flugvelli var stöðvuð á sunnudag sökum ösku frá eldgosinu í Grímsvötnum hafa heyrst kröfur um að breytingar verði gerðar á hættumati. Eins og stendur fara flugmálayfirvöld á Íslandi, Isavia, eftir öskudreifingarspám frá Volcanic Ash Advisory Centre (VAAC) sem unnar eru með bresku veðurstofunni.

Dr. Jónas Elíasson, prófessor emeritus við Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði, segir hins vegar í samtali við Fréttablaðið að bannsvæðið sé allt of víðtækt. Í stað þess að loka flugvöllum á grundvelli upplýsinga frá erlendum stofnunum sé rétt að koma upp búnaði hér á landi.

„Við gerðum okkar eigin mælingar á Keflavíkurflugvelli í gær [sunnudag] meðan á lokuninni stóð, og þar kom í ljós að öskubéttleikinn var 11 míkrogrömm á rúmmetra, sem er langt undir hættumörkuðum og 350 míkrogrömm mældust í Reykjavík um kvöldið þegar mökkurinn gekk yfir.“ Leyfileg mörk fyrir blindflug eru nú 2.000 míkrogrömm á rúmmetra.

Jónas segir að innlendir aðilar eigi að koma sér upp tækjabúnaði og starfsfólki til að geta tekið þessar ákvarðanir sjálfstætt.

„Íslensk flugmálayfirvöld þurfa að sýna meira frumkvæði í þessum málum. Við erum eina landið á þessu spásvæði sem er með eldfjöll og því ættu mælingarnar að fara fram hér á landi.“ Jónas segir að með nákvæmari mælingum megi afmarka frekar hættusvæði.

Ásgeir Pálsson, framkvæmdastjóri hjá Isavia, segir ekkert athugasvert við að fá ráðleggingar frá VAAC í London, þar sem spálíkon þeirra byggja að nokkru leyti á gögnum sem opinberir innlendir aðilar safna. „Við getum metið ákveðnar staðbundnar aðstæður, en getum ekki virt spákortin að vettugi,“ segir Ásgeir.

„Tölur sem komu úr mælingunum í gær, 350 míkrogrömm, segja aðeins hver þéttleikinn var á því afmarkaða svæði. Þess utan geta verið blettir þar sem aska er mun þéttari.“

Ásgeir bætir því við að þótt mæling upp á 350 míkrogrömm sé undir mörkuðum sé samt um að ræða magn sem gæti stýtt líftíma þotu-hreyfla.

Tvo daga að vinna upp tafir




Forsvarsmenn flugfélaganna Icelandair og Iceland Express eru vongóðir um að vel muni ganga að vinna upp tafirnar sem eldgosíð hefur valdið á flugumferð til og frá landinu. Um tíu þúsund farþegar urðu fyrir töfum af völdum gossins, en flug hófst að nýju frá Keflavíkurflugvelli síðdegis í gær.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafultrúi Icelandair, sagði í gær að til stæði að bæta við ferðum til að koma hlutum í samt lag sem allra fyrst. „Ef allt gengur að öskum og það verður opið fyrir flug þá mun það kannski taka okkur tvo daga í viðbót að ná þessu upp.“

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, tekur í sama streng og segir að sú staðreynd að vélar félagsins gátu flogið á sunnudagsmorgun hafi bjargað miklu. „Ég vonast til þess að í fyrramálið [í dag] verðum við búnir að vinna þetta upp. Það verða mögulega einhverjar seinkanir þá en það virðist vera að vindast ofan af þessu hratt.“

Öskuspá í dag

í 20.000 feta hæð



„Þannig að þó að við myndum leyfa flug í slíkum aðstæðum, reikna ég ekki með að flugfélögin myndu vilja fara í loftið.“

Talsmenn flugfélaganna tveggja, Icelandair og Iceland Express,

segjast sáttir við hvernig var unnið úr málu í þetta sinn og hafi fullan skilning á því hvernig kerfið sé, þótt gott væri að fá nákvæmari mælingar til að eyða allri óvissu.

thorgils@frettabladid.is



Upplýsingar og skráning:
 544 4500 / www.ntv.is

AUGLÝSINGA- OG STUTTMYNDAGERÐ

HUGMYND - HANDRIT - TÖKUR
 KILIPPING - FRÁGANGUR

FYRIR ÁHUGAFÓLK - KENNT AF FAGFÓLKI

Ef þú ert ein(n) af þeim sem vilt læra með því að framkvæma þá er þetta námskeið fyrir þig. 222 stundir af "hands-on" námi, kennt af fagfólki úr auglýsinga- og kvikmyndageiranum. Hver nemandi gerir bæði auglýsingu og stuttmynd meðan á námskeiðinu stendur.

Ítarlega lýsingu á námskeiðinu er að finna á vefsíðu NTV

Kvöld- og helgarnámskeið hefst

13. september og lýkur 8. des.

Lengd: 222 stundir - Verð: 429.000 kr.

Sérkjör fyrir atvinnulausa (sjá ntv.is)



ntv

**Haustferðir komnar í sölu!
Ódýrustu sætin bókast fyrst!**

FLUGDAGAR:

BROTTFARIR	HEIMKOMUR:
8. október	16. október
15. október	23. október
22. október	30. október
29. október	6. nóvember



Orlando

Óendanleg uppspretta skemmtunar!

**HÚS MEÐ
EINKASUNDLAUG!**



Alamo Vacation Homes ★★★★★

VERÐ FRÁ:

115.000 kr.*

Brottför: 15. október – 8 nætur á mann m.v. 4 fullorðna og 2 börn í húsi með 3 svefnherbergjum og einkasundlaug.

**SNYRTILEGT HÓTEL
Í HJARTA ORLANDO**



Baymont Inn ★★

VERÐ FRÁ:

112.800 kr.*

Brottför: 15. október – 8 nætur á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi með morgunverði!
Verð á mann frá 131.600 kr ef m.v. 2 fullorðna.



Orlando er fjölbreytt borg og einn af vinsælustu áfangastöðum heims fyrir fjölskyldur. Orlando hefur upp á að bjóða þekktustu skemmtigarðar heims, Disney World, Sea World, Universal Studios ásamt mörgum öðrum. Hægt væri að heimsækja nýjan skemmtigarð hvern dag vikunnar og þegar fólk hefur fengið fylli sína af þeim hefur Orlando upp á margt annað að bjóða og má segja að borgin bjóði upp á óendanlega möguleika til skemmtunar! Úrval af frábærum golfvöllum, söfnum og veitingastöðum.



* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 8 daga. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

MEIRA Á
urvalutsyn.is



ELD GOS Í GRÍMSVÖTNUM



Á JÖKULSÁRLÓNÍ Óvanalegt er nú um að litast við Jökulsárlón. Jakarnir eru nú huldur grásvörtu öskulagi.

MYND/EINAR BJÖRN

Fáir ferðamenn við Jökulsárlón en staðarhaldari engu að síður bjartsýnn:

Ísinn er eins og fljótandi grjót

Það var enginn blámi yfir Jökulsárlóni í gær. Ísjakarnir þar eru svartir og það var ekkert að gera, að sögn Einars Björns Einarssonar sem rekur ferðaþjónustuna Glacier Lagoon.

Á annað hundrað ferðamenn höfðu pantað siglingu um lónið á sunnudaginn en þeir komu ekki. „Þetta var mestmegnis fólk sem

ætlaði að koma vestan að. Við sigldum hins vegar með sextán manns. Það voru strandglópar sem ekki höfðu pantað ferð hjá okkur fyrirfram,“ segir Einar Björn og bætir því við að í stað fallegra hvítra ísjaka sé nú eins og fljótandi grjót sé í lóninu.

„Það má búast við að ísinn verði lengi svartur. Það er að vísu lítill

ís eins og er. Í byrjun júní brotnar yfirleitt mikið úr jöklinum, sem er svartur, og það getur vel verið að við fáum hreinni ís ef hann snýr sér.“

Einar segir menn í ferðaþjónustunni vera rólega. „Þarna er náttúran að verki sem við ráðum ekki við. Við verðum að taka því með jafnaðargeði.“

- ibs

Tveir svifryksmælar í gagnið á öskuslóðum:

Óþarft að mæla á Kirkjubæjarklaustri

Tveir mælar til að meta loftgæði voru teknir í gagnið á Suðurlandi í gær. Annar mælirinn var þegar á staðnum við Raufarfell undir Eyjafjöllum en hinn var fluttur frá Akureyri.

Kristján Geirsson, deildarstjóri umhverfisverndar hjá Umhverfisstofnun, segir mælinn við Raufarfell hafa verið settan upp þegar gaus í Eyfjallajökli en að hann hafi bilað í upphafi gossins í Grímsvötnum. Koma hafi átt mælinum frá Akureyri fyrir á Kirkjubæjarklaustri en að það hafi ekki neitt upp á sig.

„Þar er kolsvartaöskufall og sennilega svo mikið að það myndi stífla tækið á einum til tveimur klukkutímum. Fólk græðir ekk-

ert á því að vita nákvæmlega hvert magnið er. Við getum sagt að miðað við þetta skyggni sé það kannski í einhverjum tugum þúsunda míkrógramma á rúmmetra og aðstæður þannig að fólk á að vera inni – það er ekkert vafamál,“ segir Kristján.

Mælirinn frá Akureyri var settur upp á Selfossi í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. „Við erum að horfa til þess að geta upplýst fólk sem er á jaðri þessa svæðis á Suðurlandi.“

Mælirinn á Raufarfelli sýndi tæplega 400 míkrógrömm á rúmmetrann um klukkan fjórtán í gær – en síðan bilaði hann aftur. Magnið sem hann mældi er áttfalt yfir heilsuverndarviðmiðum. - gar



Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI Í GÆR Fólk græðir ekkert á að vita nákvæmlega magnið af svifryki á Klaustri við þessar aðstæður – það á bara að vera inni, segir deildarstjóri hjá Umhverfisstofnun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Frestur til að sækja um 110% aðlögun veðskulda rennur út 1. júlí

Ræddu við ráðgjafann þinn í útibúinu þínu um úrræði Íslandsbanka

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000



Íslandsbanki



17.995,-

claber

Tilboð

3.395,-
~~4.999,-~~

Slönguhjól Claber
Tekur 60 m af 1/2" slöngu.
5081662

Háþrýstidæla
Nilfisk C110.
110 Bar, 440 ltr/klst.
Slanga 5 mtr.
5254241

NILFISK®

ASKAN BURT allt fyrir þriðfin



Tilboð

999,-
~~1.499,-~~

Slanga 1/2"
15 m.
5087001



claber

3.995,-

Bílkústur
Claber
5081645

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HUSASMIÐJAN

Úðabyssa
Claber
5081623

699,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HUSASMIÐJAN

VERNDADU LUNGUN
GEGN ÖSKU.



Tilboð

219,-
~~279,-~~

Rykgríma
Með ventli.
5850025



699,-

Öryggisgleraugu
Góð gleraugu.
5850300

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HUSASMIÐJAN

HREINSIEFNI
FYRIR HÚSIÐ!



Tilboð

1.495,-
~~1.729,-~~

Jotun Husvask
1 ltr.
7158010

Husvask er náttúruvænn hreingerningarlögur sem er sérstaklega ætlaður til þrifa utanhúss. Blandað í hlutföllunum 1:20 með vatni. Best er að úða efnið á með t.d. blómakönnu og láta virka í 5 mínútur en síðan skola af með vatni. Þeir fletir sem hreinsaðir eru með Husvask árlega endast mun lengur.

Svona þrífur þú ösku af pallinum!

1

skref

Hreinsa pallinn með Jotun pallahreinsi



2

skref

Berið á ef við er dökkur eða gránaður



3

skref

Bera Jotun pallaolíu á pallinn



FÁÐU AFSLÁTT AF
40.000
VÖRUM STRAX Í DAG

KJARA
KLÚBBUR



Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



HÚSASMIÐJAN

ELDGOS Í GRÍMSVÖTNUM

Skepnur hafa hrakist í skurði og drukknað

Bændur á gosöskusvæði þurfa sumir að hella niður mjólk þar sem ekki er hægt að koma til þeirra tankbíl. Myrkur gosöskunnar helltist aftur yfir í gærmorgun.

Dæmi eru um að dýr hafi drepist eftir að hafa hrakist í ógöngur vegna blindu frá gosmekkinum úr Grímsvötnum. Gunnar Þorkelsson, héraðsdýralæknir Vestur-Skaftafellssumdæmis, segir slík dæmi þó ekki mörg og hljóð í bændum á svæðinu ótrúlega gott miðað við aðstæður. Þar hafi hjálpað fyrstu fregnir um að tiltölulega lítið flúor mældist í öskunni, en það getur verið skepnunum hættulegt.

Í gærmorgun hafði öskufall aukist á ný þannig að vart sá á milli húsa á Kirkjubæjarklaustri. Ástandið var svo enn verra þegar austur dró. „Þetta má samt ekki vara mikið lengur. Þá kæmi mér ekki á óvart þótt bændur yrðu að hella niður mjólk í dag.“ Mjólk var síðast sótt á bæina á föstudag.

Nú segir Gunnar bændur reyna að tryggja dýrum sínum rennandi vatn og fóður. Ekki eru miklar fregnir af felli vegna öskufallsins, þótt vart hafi orðið við einhverjar dauðar skepnur. „En fyrir því geta verið ýmsar orsakir. Það þarf ekki að vera eitthvað í gosefnunum, heldur gæti það til dæmis verið stresstengt,“ segir Gunnar. Austur á Síðu segir hann vera



UNDIR VEGG Gunnar Þorkelsson, héraðsdýralæknir Vestur-Skaftafellssumdæmis, bjargaði í gær litlu fuglskrili sem leitað hafði skjóls frá öskurokinu undir þakskegginu hjá honum, en gefist upp og lagt sig á ruslatunnu við húsvegginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

dæmi um að skepnur hafi hrakist í skurði. „Askan fer í augun og dýrin sjá ekki nokkurn skapaðan hlut frekar en við.“ Á einum bæ segir hann meri hafa lent ofan í skurði og slasast nokkuð, auk þess sem folald hafi drukknað.

Gunnar segir að þrátt fyrir allt

hafi ekki enn verið mikið um hjálparbeiðni frá bændum, hringt hafi verið úr Mýrdalnum þar sem var veik kýr, en útkall á það svæði verði kollegar á Hyolsvelli eða Helli að annast. „Í öskufallinu núna er vonlaust að komast þessa leið þangað.“

olikr@frettabladid.is



KINDUR Skepnur hafa ekki drepist í stórum stíl vegna öskufallsins frá Grímsvötnum líkt og bændur óttuðust í fyrstu. Unnið er að því að koma húsdýrum í skjól þar sem því verður við komið og sjá þeim fyrir rennandi vatni og hreinu fóðri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Erfitt að segja til um áhrif öskufalls á búfé og beit:

Fellur á vondum tíma

„Staðan núna er óvissa,“ segir Ólafur Arnalds, deildarforseti umhverfiseildar í Landbúnaðarháskólanum, spurður um áhrif öskufallsins á dýr og beit.

„Það er þrennt sem ræður. Þetta fer mikið eftir því hversu þykk þessi gjóska verður. Svo skiptir óskaplega miklu máli hversu öflugur gróðurinn er undir henni. Og svo er það úrkoman. Sérstaklega þar sem ekki er mjög þykk gjóska og veðurfar er sterkt, þar þurfa áhrifin ekki að vera mjög mikil,“ segir Ólafur, en miklir þurrkar voru þegar gosið í Eyjafjallajökli var í fyrri.

Ólafur segir að ekki sé vitað

enn hvort mikil gjóska sé að falla á svæði þar sem lítil jarðbinding er. Sé svo er hætt við foki eins og gerðist í gosinu í Eyjafjallajökli í fyrri. „Það sem gerðist undir Eyjafjöllum í fyrri var að þetta varð svo langvinnt, en jarðfræðingar gefa vonir um að þetta verði eitthvað skemmra áhlaup núna.“

Minnstar áhyggjur þarf líklega að hafa af kúabúskapnum. „En þarna eru stór og mikil sauðfjárbú og þetta fellur á alveg hrikalega erfiðum tíma. Það er einmitt verið að sleppa lambfénu út. Þetta er alveg hræðilegt fyrir þá sem eru að ganga í gegnum þetta.“

- þeb

www.meiraprof.is

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni meiraprof.is eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappir og tölvum og láta til sín taka á svernum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfriðum. Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfarir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki eftir á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðan og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt. Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Biðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRDUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



Nærri 300 kíló af dauðum fiski hjá Klausturbleikju: Gæti verið milljónatjón

Nokkuð af bleikju hefur drepist í kerum í fiskeldisstöð Klausturbleikju á Kirkjubæjarklaustri vegna öskufallsins frá Grímsvötnum.

„Þetta er sem betur fer ekki mikið enþá en það er svo mikil óvissa því maður sér ekki lengur út. Það er eins og það sé málað svart fyrir gluggana,“ sagði Birgir Þórisson hjá Klausturbleikju um miðjan dag í gær.

Birgir sagði á bilinu 40 til 50 tonn af bleikju í stöðinni hverju sinni. Náðst hafi upp úr kerunum á bilinu 200 til 300 kíló af dauðum fiski en ekki hafi verið hægt að huga að því nánar. Birgir kvaðst áhyggjufullur um framhaldið. Ekki væri hægt að tryggja fyrir slíku tjóni sem gæti hlaupið á tugum milljóna.



KLAUSTURBLEIKJA Reynt er að hreinsa eldisker af ösku með auknu gegnumstreymi af vatni.

„Við erum með mikið og gott vatn sem við hleypum mjög hratt í gegnum kerin og verðum að vona að það gangi.“

- gar

KPMG
cutting through complexity™

Fróðleikur á fimmtudegi

26. maí | kl. 8:30 | Borgartúni 27

Fjallað verður um fyrirhugaðar skattalagabreytingar í tengslum við gerð kjarasamninga.

Skráning og nánari upplýsingar á kpmg.is



KÆRI LYKILHAFI.

HVERNIG VÆRI AÐ HALDA ATLANTSOLÍUDAGINN

HÁTÍÐLEGAN OG FÁ SÉR ÆRLEGA Á TANKINN Í DAG?

Í DAG VEITIR DÆLULYKILL ATLANTSOLÍU
5 KRÓNA AFSLÁTT
AF LISTAVERÐI FRAM TIL MIÐNÆTTIS.
AUKA AFSLÁTTUR DAGSINS BÆTIST EKKI OFAN Á ÖNNUR AFSLÁTTARKJÖR.



SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

LENGI LIFI
SAMKEPPNI



Atlantsólía var stofnuð til að veita stóru olíufélögnum samkeppni.
Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið
keppinautunum við efnið síðan.

Dælykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	116,75 117,31
	Sterlingspund	188,39 189,31
	Evra	163,51 164,43
	Dönsk króna	21,926 22,054
	Norsk króna	20,794 20,916
	Sænsk króna	18,325 18,433
	Japanskt jen	1,4263 1,4347

SDR	184,32	185,42
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,0021

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

180 einstaklingar fengu 65 milljónir króna frá Evrópusambandinu: Milljónastyrkir í starfsnámi

MENNTUN Tuttugu skólar, fyrirtæki og stofnanir hafa fengið úthlutað um 65 milljónum króna frá starfsmenntahluta menntaáætlunar Evrópusambandsins.

Styrkirnir eru kenndir við Leonardo da Vinci og eru veittir til mannskíptaverkefna. Fólk í starfsnámi, ungt fólk á atvinnu- og leiðbeinendur eða stjórnendur í fyrirtækjum geta aflað sér starfsþjálfunar í Evrópu.

63 nemendur í starfsnámi og í starfsmenntaskólum hlutu um 28 milljóna króna styrk. Þeir koma úr Borgarholtsskóla, Íðnskólunum

í Hafnarfirði, Menntaskólanum í Kópavogi, Myndlistaskólanum í Reykjavík og Tækniskólanum. Í flokknum fólk á vinnu- og markaði fengu Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, Námsferðir ehf. og Nínukot ehf. tæpar 15 milljónir fyrir 35 einstaklinga. 84 leiðbeinendur og stjórnendur í ýmsum stofnunum fengu um 22 milljónir króna.

Leonardo-áætlunin hefur verið í gildi hér á landi í sextán ár og á þeim tíma hafa 2.800 manns fengið styrk. Þetta var stærsta styrkveitingin til þessa.



ÍÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI Var einn þeirra skóla sem fengu Leonardo-styrk frá Evrópusambandinu.

Flugstjóri Air France: Var staddur í farþegarýminu

FRAKKLAND Flugstjóri Air France vélarinnar sem fórst á leið frá Rio de Janeiro til Parísar fyrir tveimur árum var ekki á sínum stað í stjórnklefa þegar vélin flaug inn í óveður.

Frá þessu er greint í þýska tímaritinu Der Spiegel og vitnað til sérfræðings sem hefur heyrt hljóðupptökur úr stjórnklefanum.

Flugritar vélarinnar fundust nýlega og má heyrna hvernig flugstjórinn kemur hlaupandi inn í stjórnklefa rétt fyrir hrapið. 228 voru um borð og fórust allir.

Vinstri flokkar biðu afhroð: Hægri menn fagna á Spáni

SPÁNN, AP Mariano Rajoy, leiðtogi Lýðflokksins á Spáni, segir að kjósendur hafi fengið nóg af



MARIANO RAJOY

vinstri stjórninni, sem stjórnad hefur landinu á tímum kreppunnar.

Hægri flokkarnir unnu mikinn sigur í sveitarstjórnarkosningum á sunnudag. Sósíalístaflokkurinn beið afhroð í kosningunum.

Rajoy notaði þó ekki tækifærið til að krefjast þess að þingkosningar verði boðaðar áður en kjörtímabil núverandi þings rennur út í mars á næsta ári.

José Luiz Rodrigues Zapatero, forsætisráðherra og leiðtogi Sósíalístaflokksins, segir úrslitin verðskulduð vegna kreppunnar, en atvinnuleysi á Spáni er nú 21,3 prósent.

Spánverjar kjósa til þings á næsta ári.

- gb

Átaki Bjarnarins gegn munntóbaki fagnað:

Banninu fagnað innan íþróttahreyfingarinnar

SAMFÉLAGSMÁL Framtak Skautafélagsins Bjarnarins í baráttu gegn munntóbaksnotkun er mikið fagnaðarefni, segir Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí).

Fréttablaðið fjallaði á dögum um átak Bjarnarins sem hyggst banna alla notkun tobaks á leikjum og æfingum.

Verður leikmönnum bannað að

nota tóbak á æfingum og áhorfendum verður ekki hleypt inn með tóbak í vörinni.

„Þetta er frábært hjá þeim og flott að fara í þetta,“ segir Líney.

„Við höfum verið að vinna að þessu innan ÍSí og meðal annars hvatt aðildarfélögin til að sporna við tobaksnotkun.“

Líney segir að enn fleiri forvarnaverkefni séu í undirbúningi og munu senn koma til framkvæmda.

„Munntóbaksnotkun er eitthvað sem íþróttahreyfingin vill sporna við. Það eru nefnilega margir sem halda að munntóbak sé nánast skaðlaust, sem er alrangt því að þetta er mjög heilsuspillandi og hættulegt.“

- þj



ÓSIÐUR Íþróttahreyfingin stendur þétt að baki Bjarnarins í átaki gegn munntóbaksnotkun.



ÍRSKI BJÓRINN SMAKKAÐUR Bandarísku forsetahjónin á krá í smábænum Moneygall á Írlandi.

Obama sótti heim gamlar ættarslóðir

Bandaríkjaforseta var ákaft fagnað þegar hann fékk sér bjórkollu í smábænum Moneygall á Írlandi í gær. Eldgosið í Grímsvötnum raskar ferðaáætluninni.

ÍRLAND, AP Barack Obama á ættir að rekja til smábæjarinnar Moneygall á Írlandi og ákvað þess vegna að hefja sex daga Evrópuferð sína þar. Íbúarnir tóku honum fagnandi en hann stoppaði ekki lengi, skráð með þyrllu frá Dublin ásamt eiginkonu sinni, Michelle, og fór sömu leið til baka eftir að hafa fengið sér bjórkollu og tekið í ótal hendur.

Meðal annars hitti hann fjar-skyldan ættingja sinn, Henry Healy, sem er 26 ára og starfar sem bókhaldari hjá pípulagninga-fyrirtæki þar í bæ.

Hann sagði Íra og Bandaríkjamenn vera tengda ættarböndum, enda eiga milljónir bandarískra kjósenda ættir að rekja til Írlands. Ekki er verra fyrir hann að geta vísað til þess í kosningabaráttunni á næsta ári, að hann eigi sér írskar rætur og hafi meira að segja heim-sótt ættarslóðirnar á Írlandi.

Í kosningabaráttu sinni árið 2008 komst Obama að því að Falmouth Kearney, langalangangafi hans, hafi flúið örbirgðina á Írlandi til Bandaríkjanna um miðja 19. öld. Hann var skósmiður í Moneygall áður en hann hélt til Vesturheims. Í Moneygall búa nú aðeins 350 manns, sem létu ekki heim-sókn þessa fræga manns fram hjá sér fara.

Einn íbúa bæjarinnar, hin fimmtuga Aileen Spillane, sagðist ákaflega ánægð með að hafa hitt Obama. Hún hafði lagt það á sig að bíða eftir honum í fjórar klukkustundir, þrátt fyrir úrhellisrigningu meðan á biðinni stóð.

Á Írlandi hitti hann einnig Enda Kenny forsætisráðherra og Mary McAleese forseta, en þau höfðu



MEÐ FORSÆTISRÁÐHERRA ÍRLANDS Obama sveiflar hurling-spáða sem hann fékk að gjöf frá Enda Kenny.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

fáeinum dögum fyrr tekið á móti Elísabetu Bretadrottningu þegar hún kom í opinbera heimsókn til Írlands, fyrst breskra þjóðhöfðingja eftir að Írland fékk sjálfstæði frá Bretum.

Obama hélt til Bretlands í gærkvöldi, degi fyrr en gert var ráð fyrir í ferðaáætluninni, vegna öskuskýsins frá Grímsvötnum. Í Bretlandi mun hann kynna sameiginlegt þjóðaröryggisráð Bretlands og Bandaríkjanna. Ráðið á að koma saman á nokkurra mánaða fresti til að ræða og deila upplýsingum um öryggismál, meðal annars bera saman bækur um málefni Mið-Austurlanda og Afganistans.

Á fimmtudag heldur hann til Parísar á árlegan leiðtoga fund G8-ríkjanna, en Evrópuferð Bandaríkjaforseta lýkur svo í Póllandi, þar sem hann verður á föstudag og laugardag og hittir þar meðal annars hóp leiðtoga frá ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

gudsteinn@frettabladid.is

Skoraðu á þig og taktu skrefið!
MBA-nám við Háskóla Íslands
Kynningarfundur um MBA-nám, miðvikudaginn 25. maí kl. 17:00 á Háskólatorgi, stofu 101.

MBA-námið við Háskóla Íslands er tveggja ára metnaðarfullt og starfsmiðað meistaranám fyrir stjórnendur í íslenskum fyrirtækjum og stofnunum. Námið er skipulagt sem nám samhliða starfi. Kennt er á föstudögum og laugardögum aðra hvora helgi.

Markmið námsins er að auðvelda nemendum að skilja betur forsendur á sviði rekstrar og stjórnunar og taka á mótí verkefnum framtíðarinnar. Markvisst er stefnt að því að efla nemendur, m.a. með fjölbreyttum kennsluáferðum, og er kennurum sérstaklega umhugað að nemendur geti fljótt innleitt nýja þekkingu í störfum sínum með því að takast á við raunhæf verkefni.

www.mba.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ríkið vill sækja sér erlent fé:

Gæti hjálpað Landsvirkjun

VIÐSKIPTI Líkur eru á að ríkið muni reyna fyrir sér með skulda-bréfaútbóði á erlendum vettvangi á þriðja fjórðungi ársins, því fyrsta frá hrúni. Greining Íslandsbanka segir lánþöfnun geta rutt brautina fyrir aðra sem þurfi á erlendu lánsfé að halda, svo sem Landsvirkjun.

Í Morgunkorni Íslandsbanka segir að ríkissjóður gæti reynt að sækja hálfan milljarð evra til að endurfjármagna þann hluta gjalddeyrisforða Seðlabankans sem er á gjaldaga næsta árið. - jab

Hönnunarstyrkur sem Reykjavíkurborg vill fá endurgreiddan rann ekki til Kiosk:

Frásögn um styrk borin til baka

REYKJAVÍKURBORG Linda Björg Árnadóttir, hönnuður og aðstandandi verslunarinnar Kiosk á Laugavegi, segja það ekki rétt sem kom fram í Fréttablaðinu á miðvikudag í síðustu viku að fjárstyrkur sem Linda fékk frá Reykjavíkurborg hafi á endanum verið nýttur til stofnunar Kiosk en ekki í verkefni sem styrkurinn var ætlaður.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu vill borgin að Linda endurgreiði fimm hundruð þúsund króna styrk sem hún fékk í fyrra til verkefnis sem hafði það

að markmiði að skapa ungum fatahönnuðum farveg. Peningarnir hafi ekki verið notaðir eins og til var ætlast. Linda sagði í bréfi til menningar- og ferðamálasviðs borgarinnar að endurgreiðslukrafan væri fáránleg. Þótt verkefnið hafi ekki orðið eins og stefnt hafi verið að vegna skorts á fjármagni annars staðar frá hafi samt komið út úr því „góðir og tiltölulega svipaðir hlutir og til stóð í upphafi“. Síðan útskýrði Linda að verkefnið hefði þróast í að verða verslun sem hópur hönnuða reki saman. „Þessi verslun

heitir Kiosk og er á Laugavegi 65,“ sagði í bréfinu.

Nú hafa Linda og aðstandendur Kiosk hins vegar sent frá sér samþykkaða yfirlýsingu um að Kiosk hafi aldrei fengið styrk frá Reykjavíkurborg né annars staðar frá. „Þátttakendurnir í Kiosk hafa staðið sjálfir að stofnun og öllum framkvæmdum vegna verslunarinnar. Umræddur styrkur var veittur Lindu vegna verkefnis sem hét Black sem hún vann með tveimur af stofnendum Kiosk. Kiosk og Black eru alveg ótengd verkefni,“ segir í yfirlýsinguinni. - gar



LINDA BJÖRG ÁRNADÓTTIR Fagfólki hönnuðar Listaháskóla Íslands segir að þótt verkefni sem hún fékk styrk frá Reykjavíkurborg sé að framtíðinni hafi þróast óþrúsi en samt hafi útkoman verið alltaf góð. Hönnuðan hafi orðið verslunin Kiosk sem opnaði var á Laugavegi í fyrraumar.

Fatahönnuður vill ekki borga

FRÉTTABLAÐIÐ Í síðustu viku var sagt frá kröfu Reykjavíkurborgar á hendur Lindu Bjargar Árnadóttur um endurgreiðslu hönnunarstyrks og svörum Lindu við kröfunni.

Sádi-Arabar mótmæla banni:

Kona í haldi fyrir að keyra

SÁDI-ARABÍA, AP 32 ára gömul kona hefur verið handtekin í Sádi-Arabíu fyrir að aka bíl.

Konur mega ekki aka bílum í landinu en Manal al-Sherif setti myndband á netið af sjálfri sér undir stýri í síðustu viku. Bróðir hennar, sem var með henni í bílnum, var einnig handtekinn.

Baráttufólk fyrir rétti kvenna til að keyra hafði búið til síður á Facebook og Twitter, en þeim var lokað fyrir skömmu. Í gær voru nýjar síður stofnaðar. Baráttufólkið hefur ákveðið að 17. júní verði dagur þar sem allar konur í landinu eigi að keyra bíla sína.

- þeb

Spyr um erlenda glæpahópa:

Vill upplýsingar um fangelsisvist

ALÞINGI Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, vill upplýsingar um fjölda innbrota á síðustu árum og hvort innanríkisráðherra telji ástæðu til að ætla að hópar erlendra afbrotamanna stundi skipuleg innbrot á Íslandi.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Í fyrirspurn til ráðherra spyr Sigmundur um fjölda erlendra fanga sem vistadír voru í íslenskum fangelsum í byrjun maí. Til samanburðar biður hann um sama hlutfall frá því fyrir tíu árum.

- bj

LÖGREGLUMÁL

Sínueldur í Svínadal

Sínu- og gróðureldur kviknaði í Svínadal á sunnudagsmorgun. Litlu munaði að eldurinn næði að læsa sig í sumarhús á svæðinu. Maður sem staddur var í einu húsnanna náði að hefta útbreiðslu eldsins áður en slökkvilið kom á staðinn.



Eignastýring • Markaðsviðskipti • Fyrirtækjaráðgjöf

Arctica Finance er framsækið, óháð og sjálfstætt fjármálaframtækni sem hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Fyrirtækið er í eigu starfsmanna sem búa að áralangri og víðtækri reynslu af innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.



ARCTICA FINANCE

www.arctica.is | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Sími 513 3300

EGF HÚÐDROPAR

„Mér er illa við að nota orðið kraftaverk til að lýsa snyrtivöru, en húddroparnir komast ansi nálægt því.“
British Beauty Blogger

www.sifcosmetics.is

Náttúruöflin sýna mátt sinn og megin.

Vondar fréttir, samstillt viðbrögð

Eldgosið í Grímsvötnum minnr okkur enn og aftur á að við búum í landi þar sem náttúruöflin eru óútreiknanleg og geta hvenær sem er gripið harkalega inn í okkar daglega líf. Náttúran sýnir mátt sinn og megin og manneskjurnar verða um leið ósköp smáar frammi fyrir þeim ógnarkrafti sem í henni býr.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Saga landsins sýnir að við getum hvenær sem er búist við enn ógurlegri hamförum. Hins vegar erum við líka margfalt betur í stakk búin að takast á við náttúruhamfarir en fyrr á öldum, þegar þjóðin var vanbúin og varnarlaus gagnvart afleiðingum eldgosa.

Almannavarnakerfið, sem byggt hefur verið upp á undanförunum áratugum, hefur virkað vel að þessu sinni eins og síðustu skipti sem hefur gosið á Íslandi. Meðal annars vegna samstillts átaks heimamanna, björgunarsveita, lögreglu og annarra hefur enn enginn slasast eða veikzt af völdum gossins og mest af þúpeningi hefur komist í skjól. Ýmis áhrif eiga eftir að koma fram síðar, til dæmis eru menn nú farnir að átta sig betur á sálrænum áföllum, sem fylgja náttúruhamförum.

Áhrifin á efnahagslífið – á svæðinu í kringum eldstöðina, á Íslandi og raunar víðar um heiminn – geta orðið umtalsverð. Lífsafkomu bænda í sveitunum í nálægð við Vatnajökul er ógnað. Ferðabjónustan, sem bjóst við metsumri, getur misst spón úr aski sínum.

Ef fram fer sem horfir, verða öðru sinni á rúmu ári verulegar truflanir á alþjóðlegri flugumferð vegna eldgoss á Íslandi. Eins og við höfum séð, geta bæði falizt ógnir og tækifæri í þeirri athygli sem slíkt vekur á landinu. Nú búa ferðabjónustan og ferðamálayfirvöld að reynslunni frá því í fyrra og verða að vera reiðubúin að grípa aftur til sérstakra aðgerða til að miðla upplýsingum og reyna að snúa stöðunni sér í hag.

Mörgum þykir nóg komið af vöndum fréttum á Íslandi. Náttúruhamfarir tvö ár í röð, eftir tvö verstu árin í efnahagslífinu um langan aldur, eru sannarlega ekki góð tíðindi.

Reynslan af gosinu í Eyjafjallajökli í fyrra sýnir okkur hins vegar að hægt er að vinna vel úr vöndri stöðu og gera það til- tölulega hratt. Í uppbyggingarstarfinu hefur þjóðin staðið einhuga að baki þeim sem urðu fyrir tjóni í gosinu og margir hafa lagt sitt af mörkum við endurreisnina.

Það er reyndar munurinn á viðbrögðunum við hinum vöndu fréttum, af bankahruninu og öllu sem því fylgdi annars vegar og af náttúruhamförnum hins vegar; í síðara tilvikinu stendur þjóðin saman sem einn maður. Enda er erfitt að finna sökudólg á meðal náttúruafllanna.

Engu að síður hljótum við að velja því fyrir okkur hvort okkur geti lært með tímanum að bregðast jafn fagmannlega og fumlaut við efnahagslegum áföllum og við náttúruhamförum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Styrmir og lýðræðið

Ræða, sem Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, hélt nýverið á fundi Verkalýðsráðs Sjálfstæðisflokksins og birtist síðar á netinu, hefur vakið nokkra athygli. Í ræðunni segir Styrmir flokkinn þurfa að horfast í augu við það að íslenskt þjóðfélag og raunar flokkurinn einnig hafi verið í klóm sérhagsmuna. Áhrifaríkasta leiðin til að brjóta þá sérhags- muni á bak aftur sé að taka upp beint lýðræði þar sem þjóðin sjálf taki ákvarðanir um meginmál. Þá segir Styrmir

flokkinn einnig þurfa að aðhyllast beint lýðræði og því eigi að kjósa formann í almennri kosningu allra skráðra flokksmanna.

Hvað sagði Bjarni aftur?

Styrmir segir að lokum að með þessum hugmyndum sé hann að boða byltingu. Hann er þó varla fyrstur til að vekja máls á hugmyndum í þessum anda innan Sjálf- stæðisflokksins. Formaðurinn sjálfur, Bjarni Benediktsson, helgaði umræðunni um beint lýðræði kafla í lands- fundarræðu sinni sum- arið 2010. Hann sagði flokkinn styðja þann

rétt þjóðarinnar að fá að taka þátt í stórum ákvörðunum og taldi tíma til kominn að opna formannskjör flokksins frekar. Nánar tiltekið ætti að kjósa formann í almennri kosningu allra skráðra flokksmanna.

Landeyjahöfn í lagi

Eldgosið í Grímsvötnum hefur sett samgöngur á Suðurlandi úr skorðum. Þjóðvegi 1 hefur verið lokað, innan- landsflug liggur niðri auk þess sem millilandaflug er í myflugumynd. Eitt samgöngumannvirki lætur eldgosíð þó ekki á sig fá. Landeyjahöfn er nefnilega opin aldrei þessu vant.

magnusl@frettabladid.is



HALLDÓR



Samþykki á að draga til baka

Hernaður



Einar Ólafsson
bókavörður

Í frétt á mbl.is síðdegis 30. apríl segir: „Hersveitir NATO hafa varpað sprengjum á stjórnaþyrpingu í Trípolí þar sem m.a. ríkissjónvarpið er til húsa. Yfirvöld í Líbíu segja að tilgangur loftárásarinnar hafi verið að drepa Gaddafi þegar hann var að ávarpa þjóðina í ríkissjónvarpinu.“

Í sömu frétt er sagt að NATO hafi hafnað boði Gaddafis um vopnahlé.

Síðla kvölds búrast síðan fréttir af því að flugvélar NATO hefðu gert árás á hús Gaddafis í Trípolí þá um kvöldið. Sonur hans og þrjú ung barnabörn fórust. Í húsinu voru einnig Gaddafi sjálfur, eigin- kona hans og fleiri úr fjölskyldunni.

Um þetta þarf í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð. Hér var um hreina morðárás að ræða og barnamorð í ofanálag. Í fljótu bragði verður ekki annað séð en þetta hafi verið stríðs- glæpur.

NATO tók þann 25. mars yfir hernaðar- gerðir í Líbíu sem höfðu að forsendu ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1973 frá 17. mars. Ályktunin hefur verið umdeild enda sátu fimm ríki hjá. Með henni var sett á loftferðabann yfir Líbíu. Jafnframt er

tekið fram að hún miði að verndun almennra borgara og lausn átakanna en ekki að knýja fram stjórnaþyrpingu. Árásir á sjónvarpsstöð og heimili og önnur borgaraleg skotmörk eru því langt utan við það sem þessi ályktun heimilar.

Aðgerðir NATO hafa líklega frá upphafi farið út fyrir ramma ályktunarinnar og sannarlega þessar aðgerðir. Margir hafa gagnrýnt samþykki íslensku ríkis- stjórnarinnar við aðgerðir NATO. Forystumenn Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs hafa sagt að utanríkisráðherra hafi veitt þetta samþykki án þess að leita álits VG. Í ályktun stjórnar VG 25. mars segir: „Stjórn Vinstrihreyfing- arinnar græns framboðs for- dæmir allar aðgerðir í Líbíu sem ekki eru í samræmi við samþykkt Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.“

Á fundi sínum 20.-21. maí skerpti flokks- ráð VG á þessu með ályktun þar sem segir: „Flokkur VG fordæmir loftárásir NATO á Líbíu og skorar á þingmenn VG að bera fram á Alþingi þingsályktunartillögu þar að lútandi,“ en á sömu leið ályktaði kjördæmis- ráð flokksins í Suðurkjördæmi á fundi sínum 7. maí.



Hér var um hreina morðárás að ræða og barnamorð í ofanálag.

Krabbameinsfélagið

„Þetta er svo lúmskt“

Fræðslumynd um krabbamein í ristli og endaparmi sýnd á RÚV þriðjudaginn 24. maí kl. 21:25

Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Ristilfélagið og Stómasamtök Íslands. Auglýsingin er gerð í samvinnu við Roche og Merck Serono.

Vinátta

Í DAG

Jónína Michaelsdóttir blaðamaður



Eitt af því dýrmætasta í lífinu er traust og varanleg vinátta.

Við veljum okkur ekki foreldra, börn, kennara eða annað samferðafólk. En við veljum sjálf maka og vini og berum ábyrgð á því vali. Vinátta birtist í ýmsum myndum. Aristóteles greindi á milli nytsemisvináttu, ánægjuvináttu og sannrar vináttu, og vissi hvað hann söng. Vinátta sem verður til á bernsku- og uppvaxtarárum býr oft í vitundinni ævina á enda.

Þegar við förum í fullorðinsleikinn erum við komin í annan heim. Þar eru margvísleg félagskerfi sem við stöldr-um mismengi í. Góð vinátta getur myndast hjá fólki sem á

komnir með eigin fjölskyldu, verða þau bestu vinir foreldra-anna. Og í þó nokkrum tilvikum það fólk sem þeir verja öllum frístundum með. Eðlilega.

Í dag verður maður var við, að fyrir utan stóru klúbbana, Rotary, Lions og golfklúbbana, eru litlir hópar af báðum kynjum að hittast reglulega um allan bæ. Sumir hafa gert það í ár eða áratugi, aðrir skemur. Sameiginleg áhugamál og samstaða gegnum árin eru gjarnan kveikjan að slíkum hópum og límið í þeim. Það merkilega er, að þaðan sem ég stend, þá virðast þetta fyrst og fremst vera karlahópar.

Það er líka athyglisvert, að fólk í dag er orðið eins og Bretarnir, sem virðast ekki mikið fyrir að fá fólk heim til sín. Vill hitta það á pöbbinum. Og hér er þetta að verða raunin. Aldavinir af báðum kynjum vilja helst hittast á veitingastöðum. Þess utan eru samskipti annaðhvort á netinu eða með símaskilaboðum. Og ekkert við það að athuga.

„Það er líka athyglisvert, að fólk í dag er orðið eins og Bretarnir, sem virðast ekki mikið fyrir að fá fólk heim til sín. Vill hitta það á pöbbinum. Og hér er þetta að verða raunin.“

samleið um tíma, til dæmis í í framhaldsnámi, á vinnustöðum, í íþróttum eða í tengslum við önnur áhugamál. Þegar leiðir skilja er það gjarnan með fyrirheitum um að vera áfram í sambandi. Oftar en ekki dregur úr því með tímanum og fólk kemst á viðverðum-endilegaðfarahittast-stigið. Væntumþykjan er enn fyrir hendi, en gömlu vinirnir passa kannski ekki inn í nýja félagskerfið.

Samskipti

Sú vinátta sem birtist í því að fólk hittist einu sinni á ári, þó að það eigi bíl og bú í sama kjördæmi, getur verið alveg jafn djúp og traust og hin sem hlúð er að á annan hátt. En hún er ekki virk nema í vitundinni.

Eftir að bæði kynin urðu fyrirvinnur og börnin í umsjá annarra alla virka daga, urðu frístundir og samvera fjölskyldunnar dýrmætari. Í dag er algengt að vinátta milli foreldra og barna sé á þann veg, að þegar afkomendurnir eru

Þetta er nútíminn. En það eru til undantekningar. Til dæmis konur á nírhálsaldri sem láta sér ekki nægja samskipti gegnum tölvur og síma.

Vinkonuklúbburinn

Ég vona að sem flestir hafi lesið viðtal Önnu Kristine í Fréttatímanum við konurnar sem hafa hist vikulega í hádeginu í sextíu og fimm ár. Voru saman í Verslunarskólanum á sínum tíma og urðu ævivinkonur. Stofnuðu vinkonuklúbb, hittust framan af heima hjá hver annarri en færðu síðar selskapinn yfir á kaffihús eða matsölustað. Þetta voru sjö hressar og klárar konur og greinilega framtakssamar í betra lagi. Tvær eru látnar, ein er á elliheimili, en fjórar flottar voru mættar á veitingastaðinn Vox til að tala við blaðamanninn. Auk hádegisfundanna hafa þær ferðast víða um heim saman og hittast gjarnan í sumar-bústað einnar þeirra. Þetta er sem sagt hægt, ef viljinn og framtakssemin er fyrir hendi.

ÚR ERLENDUM LEIÐURUM

Hættuleg farvötn

Aukinn fjöldi sjóræningja er meðal annars sagður stafa af óstarfhæfu réttarkerfi í Sómalíu. Sjóræningjar eru gripnir og nokkrir dæmdir í stutta fangelsisvist en mörgum er strax sleppt.

Aðgerðir sjóræningjanna eru sem sagt einkenni dýpri og alvarlegri vandamála sem stafa af fátækt, lélegu réttarkerfi og upplausnarástandi í viðkomandi ríkjum. Þess vegna duga ekki hernaðaraðgerðir. Evrópusambandið verður að opna landamæri sín fyrir viðskiptum við Afríku, taka þátt í þróun á annan hátt og aðstoða ríkin þegar þau reyna að koma á lagginnar öruggara réttarkerfi, meira lýðræði og jafnvægi.

www.dn.se/ledare

Úr leiðara Dagens Nyheter

Obama og friðurinn

Eitt af því fyrsta sem Barack Obama sagði, þegar hann varð forseti Bandaríkjanna, var að lofa að leysa vandanann sem engum af fyrirrennum hans hafði tekist, nefnilega að koma á friði milli Ísraels og Palestínumanna. En vonin sem hann gaf mönnum er farin að dvína. Friðarferlið er í kyrrstöðu og lausn deilunnar milli Ísraels og Palestínumanna, sem er mikilvægur hluti af lýðræðisferlinu í Miðausturlöndum, virðist fjarlæg vegna tortryggni, loforða sem ekki hafa verið uppfyllt, diplómatiskra mistaka og skorts á vilja til samvinnu milli þeirra sem hlut eiga að máli.

www.jp.dk/opinion/leder

Úr leiðara Jyllands-Posten



Flott fyrir útskriftina

25%

afsláttur af jakkafötum

Gildir til sunnudags

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



Pantaðu fría landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400



STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir



70 TÓNLISTARMAÐURINN BOB DYLAN er 70 ára
 „Að vekja athygli getur verið íþyngjandi og þannig var Jesús krossfestur fyrir að vekja athygli á sér. Af sömu ástæðu fer ég oft huldu höfði og læt mig hverfa.“

Merkisatburðir

- 1839** Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að skylda bæjarbúa til að inna að hendi þegnskylduvinnu við vegagerð og fleira.
- 1941** Hood, stærsta herskip heims, sem hafði farið frá Hvalfirði nokkrum dögum áður, sekkur um 250 sjómílar vestur af Reykjanesi eftir orrustu við Þýska herskipið Bismarck. Með Hood fórust 1.418 Bretar en þremur var bjargað og þeir fluttir til Reykjavíkur.
- 1943** Josef Mengele ráðinn yfirlæknir í útrýmingarbúðum nasista í Auschwitz.
- 1973** Mótmælafundur, sá fjölmennasti á Íslandi, haldinn í Reykjavík þegar um þrjátíu þúsund manns mótmæla flotaihlutun Breta vegna útfærslu á fiskveiðilögsögu í 50 mílar.

PETTA GERÐIST 24. MAÍ 1956

Eurovision hleypt af stokkunum

Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva var haldin í fyrsta sinn fyrir 55 árum. Alls tóku sjö þjóðir þátt með tveimur lögum hvert, samtals fjórtán lög, en allar götur síðan hefur regla gilt um að eitt lag komi frá hverri þjóð. Fyrsta keppnin fór fram í Lugano í Sviss og unnu Svisslendingar með lagi sínu Refrain í flutningi Lys Assia.
 Á sjötta áratug síðustu aldar var Evrópa sundruð eftir stríðsrekstur og kom upp hugmynd um að binda álfuna sterkari böndum með léttri skemmtidagskrá í sjónvarpi. Nefnd var skipuð af

European Broadcasting Union (EBU) og á fundi í Mónakó 1955 stakk formaður nefndarinnar upp á að halda alþjóðlega söngvakeppni. Keppnin var metnaðarfull tæknitílaun í lífandi sjónvarpsútsendingum því gervihnattasjónvarp var ekki til og evrópska sjónvarpskerfið samanstóð af jarðtengdum örbylgjustöðvum.
 Nafnið Eurovision var fyrst notað af breska blaðamanninum George Campy í London Evening Standard árið 1951 í tengslum við sjónvarpskerfi EBU.



LUGANO Í SVISS

BREIÐHOLTSLAUG Í EFRA-BREIÐHOLTI: BÝÐUR TIL 30 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐAR

Stuð á sundlaugarbakkanum

Hún er þrítug, heillandi og friðsæl í sínum ferska fjallablæ og náttúruangan, blessuð Breiðholtslaugin í Efra-Breiðholti, þar sem vikuna út verður mikið um dýrðir og hátíðahöld.

„Hér bíður fólk í röð við útidyrnar þegar sundlaugin opnar á morgnana, enda hálfgerð félagsmiðstöð Breiðhýltinga sem koma til að sýna sig og sjá aðra, um leið og þeir stunda heilsurækt og útivist í heimilislegu andrúmslofti,“ segir Sólveig Valgeirsdóttir, fjórði forstöðumaður Breiðholtslaugar frá upphafi, en hún tók við starfinu í febrúar.

„Ég hafði áður komið hingað sem sundlaugargestur og ávallt orðið fyrir ánægjulegri upplifun, en nú kemur mér mest á óvart hversu mikið batterí það er að stýra sundlaug og hversu margflókin kerfi fylgja því í ýmis konar stýringum og tönkum sem gestunum er hulinn,“ segir Sólveig við útilaugina sem vígð var í janúar 1981.

Framkvæmdir við innilaugin hófust 1976, en Breiðholtslaug var upphaflega byggð sem kennslulaug fyrir skólana í Breiðholti. Eftir að útilaugin opnaði fengu íbúar Breiðholts þó takmarkaðan aðgang að henni fyrstu árin og var hún í fyrstu nefnd Sundlaug Fjölbrotaskólans í Breiðholti.

„Breiðhýltingar hafa alltaf sótt mikið í lauginna en nuddpotturinn er landsfrægur fyrir kraft sinn og gæði og koma gestir víðs vegar að til að láta líða úr sér í fersku fjallalofti Breiðholts. Þá er laugin einkar vinsæl meðal barnafólks með grunnnum kerum og stórum vatnsrennibrautum sem lofa spennu og fjöri,“ segir Sólveig.

Í Breiðholtslaug er líf og fjör frá morgni til kvölds; leikfimi fyrir aldrada, leikfimi fyrir almenning, ungubarnasund og sundæfingar Sundfélagsins Ægis. Einnig sækja nemendur FB, Fella-, Hólábrekku- og Norðlingaskóla þangað skólasund.

„Þegar Breiðholtslaug opnaði var hverfið krökkt af krökkum og mikið fjör í lauginni, en það breyttist þegar Árbæjarlaug opnaði,“ segir Guðrún Skúladóttir, vaktformaður og afgreiðslumær, sem mætti fyrst til starfa 1985. „Mér þótti gaman að vinna innan um barnaskarann og víst kemur hingað enn barnafjöld, en líka margir eldri borgarar sem gefa mikið af sér, því hver aldur hefur sinn sjarma,“ segir Guðrún sem á 26 árum hefur kynnst þrem kynslóðum Breiðhýltinga. „Gestirnir eru yndislegt fólk og mín



BREIÐHOLTSLAUG ÞRÍTUG Sólveig Valgeirsdóttir, forstöðumaður Breiðholtslaugar, og Guðrún Skúladóttir vaktformaður sem unnið hefur lengstan starfsaldur í Breiðholtslaug. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ánægja að hafa fengið að fylgjast með krílum busla í lauginni og sem nú eru orðin fullorðin með eigin börn og unglinga í sundi,“ segir Guðrún sem er hvergi hætt á vaktinni í Breiðholtslaug. „Mér þykir mest sjarmerandi að búningsklefar og útlit byggingarinnar hafi fengið að halda sér, og svo þessi sundlaugarmenning sem birtist í öllum sundlaugum, þar sem fastagestir „eiga“ sína klefa, sturtur og stúta.“

Veisluhöld Breiðholtslaugar hófust á föstudagskvöld með sundlaugadiskói. Á morgun verður þar þrónakaffi og þrautabraut fyrir krakka, á fimmtudag tónleikar Herberts Guðmundssonar og sonar og á föstudaginn syngur Gerðubergskórinn. Þá mæta óvæntir gestir í pottaspjall, ásamt fleiru, en dagskrána má sjá á www.reykjavik.is undir Þjónusta: Íþróttir og tómstundir.

thordis@frettabladid.is



Innilegar þakkir færur við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

Jens Jóhannesar

Jónssonar

Dalseli 33, Reykjavík.

Sólveig Ásbjarnardóttir

Anna Jensdóttir

Ásbjörn Jensson

Jón Haukur Jensson

Ástríður Jóhanna Jensdóttir

Erla Sesselja Jensdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurður V. Viggósson

Vilborg Tryggvadóttir Tausen

Berglind Björk Jónasdóttir

Ragnar Kjærnested

Gunnar Friðrik Birgisson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Hólmfríður Björnsdóttir

Furugrund 32, Kópavogi,

lést mánudaginn 16. maí. Jarðsungið verður frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 25. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á líknarsjóð L5 Landakoti, sími 543-9890.

Elsa Jóhanna Ólafsdóttir

Droplaug Ólafsdóttir

Þorsteinn Ólafsson

ömmu- og langömmubörn.

Rúnar Jónsson

Jóna Fanney Kristjánsdóttir

Blóm á grafreiti

Tökum við þöntunum fyrir Hólavallagarð Gufuneskirkjugarð Fossvogskirkjugarð Sólland og Kópavogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá kl. 9 - 16 í síma 585 2700 og 585 2770.

Einnig er hægt að panta beint af vefnum www.kirkjugardar.is



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



Ástkær eiginkona mín,
Alda Gísladóttir
 Skúlagötu 40,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 17. maí, verður jarðsungið frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 25. maí kl. 15.00.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Ás styrktarfélag, Skipholti 50c.

Brynleifur Sigurjónsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afa og langafi,

Árni Kristinn Sveinsson

rafvirkjameistari,
 Blómsturvöllum 3, Grindavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð sunnudaginn 15. maí, verður jarðsungið frá Grindavíkurkirkju miðvikudaginn 25. maí kl. 14.00.

Dagbjört Guðlaugsdóttir

Guðrún Árnadóttir

Sveinn Árnason

barnabörn og barnabarnabörn.

Þóroddur Gíslason

Bylgja Kristín Hédinsdóttir



Norræna brjóstgjafarráðstefnan verður haldin á Grand Hótelu dagana 31. maí til 1. júní. Þetta er í fjórða sinn sem ráðstefnan er haldin en að henni standa auk Landlæknisembættisins, Félag brjóstgjafarráðgjafa á Íslandi, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Justin Bieber notar Proactiv® Solution

Burt með bólurnar!

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efni í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!



Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:

REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARÐSAPÓTEK, Sogavegi 108
URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi
APÓTEK HAFNARFJARDAR, Tjarnarvöllum 11
ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVER Suðurlandsbr. 22



Heilsuþúðin.is
- bætt útlit, betri líðan



AIR-O-SWISS rakatækin

Bæta rakastig og vinna gegn:

- Slappleika og þreytu
- Höfuðverkjum
- Augnþurrki
- Astma

Auka vellíðan og afköst



Verð 29.850 kr.

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



Árni Þór Árnason ætlar að verða annar sjósundkappi Íslands sem syndir yfir Ermarsund.

Reynir við Ermarsundið



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árni Þór Árnason, framkvæmdastjóri og sjósundkappi, ætlar að verða annar Íslendingurinn sem synt hefur yfir Ermarsund. „Benedikt Hjartarson klárði þetta sund árið 2008 og ég hef ekki verið látinn vera síðan,“ segir Árni Þór glettinn.

Fjórir Íslendingar hafa frá upphafi reynt að synda yfir Ermarsund en einungis einn hefur náð takmarki sínu, Benedikt Hjartar-

son. Sundið er 32 kílómetrar og einungis tekst um 20 prósentum að komast alla leið yfir.

Ferð Árna Þórs hefst 1. júlí þegar hann heldur til Dover í Englandi. „Þá tekur við vika þar sem ég verð að synda á æfingasvæði í höfninni þar,“ segir Árni Þór, sem byrjaði að stunda sjósund fyrir um átta árum en ákvað síðasta haust að synda yfir Ermarsund. „Ég er búinn að vera í mjög stífri þjálfun hjá rússneskum þjálfara,

Vadim Forafonov, í sjö mánuði. Hann hefur breytt allri minni sundkunnáttu.“

Að sögn Árna Þórs er markmið hans að reyna við svokölluð 7Seas, sem eru sjö erfiðustu sundleiðir í heimi, Ermarsundið er þeirra á meðal. „Mér fannst eins og ég yrði að takast á við stóru raunina. Svo er ekki útilokað, ef þetta gengur vel, að ég haldi áfram, það er af nógu að taka úti um allan heim.“

martaf@frettabladid.is

GÆÐAFISKUR ÍSLENSK FÆÐUBÓT BITAFISKUR

-næring fyrir líkama og sál



Söluastaðir:

10 - 11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húsvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Ertu búinn að fá þér Veidikortid?



35 vatnasvæði
aðeins kr. 6000

www.veidikortid.is

Viltu breyta mataræðinu til batnaðar á einfaldan og öfgalausán hátt?

INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.

Þriðjudaginn 7. júní kl. 19:30

ÞETTA ER EKKI FLÓKIÐ! Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.



FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:

- Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn
- Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu
- Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurbörf og þreytuköst

Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl. 19:30 - 22:00

Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik. Verð: 4.400 kr. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á eig@heima.is



www.heilsuhusid.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA SKÚBB
Meiri Vísir.





Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur sett á heimasíðu sína, www.heilsugaesla.is, tvo bæklinga um áhrif gosösku á heilsufar og viðbúnað vegna öskufalls.



Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

Breski læknirinn Edward Jenner smitaði árið 1796 dreng af kúabólu til að verja hann gegn bólusótt. Hann er talinn frumkvöðull á sviði bólu-setninga enda er frá honum komið enska orðið vaccination. Orðið vacca er latína og þýðir kýr.

www.visinda-vefur.is



Mun fleiri konur greinast með skjaldkirtilssjúkdóma en karlar.

Lítill joðneysla áhyggjuefni

Æ fleiri Íslendingar greinast með skjaldkirtilssjúkdóma sem skýrist að hluta af hækkandi aldri þjóðarinnar. Joð er mikilvægt fyrir myndun skjaldkirtilshormóna en neysla þess fer minnkandi.

Árlega greinast 150 Íslendingar með ofvirknan skjaldkirtil og er talið að um tólf þúsund þeirra taki skjaldkirtilshormónið thyroxín vegna vanvirkni í skjaldkirtli. Svo virðist sem nýgengi skjaldkirtilssjúkdóma sé að aukast.

„Það má að einhverju leyti skýra með betri skráningu en einnig með hækkandi aldri þjóðarinnar, enda greinast skjaldkirtilssjúkdómar oftast hjá eldra fólki en áður,“ segir Ari Jóhannesson, sérfræðingur í innkirtla- og efnaskiptasjúkdómum á Landspítalanum. Mun fleiri konur greinast og er hlutfallið einn karl á móti fjórum konum. Ástæða þess er að mestu ókunn að sögn Ara en tengist sennilega kvenhormónum og erfðavísunum. Nýlega var alþjóðlega skjaldkirtilsdeginum komið á en honum er ætlað að efla vitneskju meðal almennings um skjaldkirtilssjúkdóma. Hann verður haldinn á morgun.

„Skjaldkirtillinn er á hálsinum framanverðum og telst til svonefndra innkirtla. Hann framleiðir skjaldkirtilshormón sem stuðlar að orkunýtingu og varmamyndun í frumum líkamans og er nauðsynlegt fyrir þroska og starfsemi flestra líffæra,“ lýsir Ari.

Joð, ásamt amínósýrunni týrósin, myndar skjaldkirtilshormón og joðskortur getur valdið stækkun á skjaldkirtli og jafnvel vanstarfi. Joð finnst í mörgum fæðutegundum en þó mest í mjólk og fiski. „Joðskortur



Ari segir minnkandi joðneyslu áhyggjuefni, sérstaklega á meðal ungra stúlkna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hefur til þessa verið álitinn fátíður á Íslandi en það er þó áhyggjuefni að joðneysla hefur farið minnkandi undanfarin ár, sennilega vegna minni neyslu á þessum fæðutegundum en áður,“ segir Ari. Hann segir sérstaklega mikilvægt að huga að joðhag á meðgöngu því þroski fósturs er að miklu leyti undir joðneyslu móðurinnar kominn. „Þá er sérstök ástæða til að hvetja ungar stúlkur til að huga að joðneyslu en nýleg íslensk rannsókn bendir til þess að hún fari minnkandi á meðal þeirra þó að hún sé enn innan marka.“ Ari segir að joðþörf megi almennt mæta með tveimur mjólkurglössum á dag og tveimur fiskmáltíðum í viku. „Þá er joð í mörgum vítamíntöflum auk þess sem salt er í sumum tilfellum joðbætt.“

Ari segir að æ oftast séu skjaldkirtilssjúkdómar raktir til sjálfsöfnæmis en þá myndar líkaminn mótefni gegn

eigin frumum. Mótefni geta ýmist verið örvasandi eða letjandi og jafnvel eyðandi. Skjaldkirtilssjúkdóma sem af því hljóttast má greina með einföldum blóðrannsóknum þó í sumum tilfellum þurfi frekari rannsóknir.


Einkenni ofvirkis skjaldkirtils eru fjölbreytileg en algengust eru hitaóþol, hjartsláttaróþægindi, megrun, skjálfti, aukin svitamyndun, titringur, kvíði og bólgin og útstæð augu. Meðferð getur verið í formi skjaldkirtilsbælandi lyfja eða geislavirks joðs og í undantekningartilvikum skurðaðgerðar.

Vanstarf í skjaldkirtli er enn algengara en ofvirkni. Helstu einkenni eru þreyta, slen, kulvísí, þyngdaraukning, tregða í hugsun og hæg melting. Meðferð er fólgin í töku skjaldkirtilshormónsins thyroxíns í uppþótarskyni og varir oftast ævilangt. Sem fyrr segir taka um tólf þúsund Íslendingar thyroxín daglega en þeim hópi tilheyrja einnig þeir sem hafa verið með ofvirknan skjaldkirtil en þurft að ganga undir meðferðir sem leiða af sér vanvirkni.

Hnútar í skjaldkirtli eru algengir. Fæstir eru illkynja en þó þarf að ganga úr skugga um það með nálar-sýni. Árlega greinast um 15-20 með-skjaldkirtilskrabbamein á Íslandi. Meðferðin felst í skurðaðgerð og oft þarf einnig að gefa geislavirkt joð. Ari segir ekki hafa komið fram ákveðin tengsl við of- eða vanvirkni í skjaldkirtli og horfur séu yfirleitt góðar.

vera@frettabladid.is

STÓR GLÆSILEGIR



teg. 810857 - glæsilegur litur og glæsilegur brjóstahaldari, fæst í C,D skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,-



teg. 9066 - flott nýtt snið, fæst í C,D skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opíð mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

NÝ SENDING AF SPARIFATNAÐI!



B/A/S/L/E/R

Skípholti 29b • S. 551 0770

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið fritt á Vísu eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

SADDUR ÁN SAMVISKUBITS


Burrito m. kjúkl.
kr. 1.190

Hot 'nSweet salat
m. kjúkl. 1.350

Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is

SLÁTTUVÉLAR

ÞRIÐJUDAGUR 24. MAÍ 2011 • KYNNINGARBLAÐ



LEIÐSÖGU
SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN

Draumastarf í draumalandi?

Langar þig að segja sögur af landi og þjóð? Þá er leiðsögunám eitthvað fyrir þig.

Nám í Leiðsöguskólanum er fjölbreytt og skemmtilegt og opnar dyr að áhugaverðu og krefjandi starfi.

INNTRITUN STENDUR TIL 30. MAÍ

WWW.MK.IS

Leiðsöguskólinn sími: 594 4025



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERDAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



Sláttuvéla markaðurinn

Við þjónustum
allar gerðir af
sláttutækjum
og reiðhjólum

Er með stóran
varahlutalager
í allar helstu
gerðir.

Verkstæði okkar
er keyrt áfram af
miklum krafti og
er lagt mikið upp
úr vandvirkni
og góðum
vinnubrögðum.

Getum afgreitt
samdægurs.

Smiðjuvegi 11e
200 Kópavogi
Sími: 517 2012



Það borgar sig margfalt að láta yfirfara sláttuvélarnar fyrir sumarið, segir Jóhann Rúnar Gunnarsson, eigandi Sláttuvélamarkaðarins á Smiðjuvegi 11. MYND/GVA

Nú er rétti tíminn

„Við leggjum mikla áherslu á alhliða þjónustu í kringum sláttuvélarnar,“ segir Jóhann Rúnar Gunnarsson, eigandi Sláttuvélamarkaðarins á Smiðjuvegi 11. „Við erum stærstir á markaðnum þegar kemur að varahlutum í sláttuvélarnar og erum auk þess með varahluti og viðgerðarþjónustu fyrir reiðhjól og smávélarnar.“

Jóhann segir áriðandi að brýna það fyrir fólki að koma með sláttuvélarnar í yfirhalningu strax á vorin í stað þess að bíða eftir að þær bili. „Það vill oft gleymast að láta yfirfara sláttuvélarnar áður en byrjað er að nota þær,“ segir Jóhann, „sem er eðlilegt þar sem

þær eru ekki í notkun meirihlutann af árinu, en það þarf auðvitað að yfirfara þær, smyrja og brýna hnífana og slíkt og kostnaðurinn við það er bara örliðið brot af því sem það kostar að gera við eftir að eitthvað bilar.“

Jóhann segir sláttuvélavertíðina þó aðeins seinni í gang í ár en í eðlilegu árferði. „Við erum enn þá að bíða eftir að sumarið byrji, það er varla farið að spretta nokkurt gras,“ segir hann hlæjandi. „En það er þó orðið þó nokkuð að gera hjá okkur nú þegar. Enda er þetta einmitt rétti tíminn til að gera sláttuvélarnar tilbúnar fyrir sumarið.“



Hamingjan á heima í grasinu, þar sem foreldrar breytast aftur í börn og leika glöð við afkvæmi sín í faðmi móður jarðar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Lifað á teppi náttúrunnar

Það er fátt unaðslegra í sumartilverunni en ilmur af nýslegnu grasi og ekkert sem toppar þá upplifun að lifa og leika sér berfættur í grasgrænni, dúnmjúkri ábreiðu náttúrunnar.



Það tilheyrir fögnum sumardögum að setjast flötum beinum á grasbala borgarinnar og skapa með því tilefni til hvunnagsveislu.



Börn breytast í mannlega grasmaðka þegar sól skín í gegnum strá og fyllast óheftri frelsistilfinningu og vilja hlaupa um mjúk og nýslegin tún.



Á sumrin er blátt áfram skylda að þurrka þvottinn úti á snúru og brakandi ferskt ævintýri að leggjast til hvílu í grasilmandi sængurfötum.



Náttúran nærir okkur með ólgandi krafti sínum í formi grass og blóma, og einskær orkuáfylling að baða kroppinn í litríku sumarskrauti hennar.



Nestisferð með uppdukuðu veisluborði í iðagrænu grasi er himnesk upplifun og gefur öllu ferskara bragð.



Kelerí er náttúrulegur gjörningur og hvergi eins viðeigandi að veltast um í faðmlögum og á grænum grasbölum, enda grasangan í senn tælandi og alltumlykjandi.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal jonl@365.is s. 512 5449
Umsjónarmaður auglýsinga: Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429.



GARDENA®

Ræktaðu
gærðinn
með
Gardena

Skoðið ótrúlegt
úrval garðáhaldna
á www.ojk.is

ÓJ&K
Ó. Johnson & Kaaber ehf

TUNGUHÁLS 1 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 535 4000 • WWW.OJK.IS

NÝIR OG SPENNANDI STAÐIR

Skoðaðu nýja og spennandi staði og taktu þér far með einhverju af þeim 15 flugfélögum sem fljúga frá Íslandi á árinu.

Prófaðu Dohop leitarvélina á Vísir, flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.

dohop **vísir**
Meiri Vísir.

Frá Reykjavík

Til

Brottför 08.08.11

Til Baka

15.08.11

Leita





Agnar Kárasón, verslunarstjóri í Kaupþúni, segir BYKO sennilega búa yfir landsins besta úrvali af sláttubúnaði.

MYND/GVA

Leysum þarfir flestra

Tími er kominn á slátt í gördum og bjóða verslanir BYKO fjölbreytt úrval garðsláttuvéla og garðverkfæra fyrir sumarið.

„Hjá BYKO er sennilega landsins mesta úrval af sláttubúnaði fyrir heimilið og sumarbústaðinn,“ segir Agnar Kárasón, verslunarstjóri hjá BYKO í Kaupþúni, en sláttutraktorar, sláttuvélar og sláttuorff af ýmsum stærðum og gerðum fylla nú hillur og gólf í verslunum BYKO.

„Við erum með bensín-drifna fjörgengis sláttutraktora, 13,5 hestöfl, en þeir eru hentugir fyrir heimili með stóra garða og fyrir fjölbýlishús og fasteignafélög. Þeir fást ýmist með eða án gras-safnara og á þá er hægt að hengja kerru undir garðúrgang, moldar-tilfærslu og fleira,“ segir Agnar.

„Við seljum alltaf nokkra traktora á hverju ári, það er enginn búmaður nema að eiga traktor, ekki satt?“ segir hann hlæjandi

en bætir við að úrvalið af minni sláttuvélum fyrir minni grasflatir sé einnig gott, bæði af bensín-drifnum vélum og rafdrifnum.

„Við ættum að geta leyst þarfir flestra. Bensínsláttuvélar hjá BYKO eru allar svokallaðar fjörgengisvélar, mótörinn er byggður eins upp og bílmótör, smurolían sér og bensínið bara beint af tanknum. Rafmagnsvélar eru mjög vinsælar á smærri grasflatir og mun meðfærilegri hvað varðar gangsetningu. Bara stinga í samband eins og ryksugu, og slá.“

Agnar segir rafmagnsvélarar bæði hljóðlátari en bensínvélarar og þær menga ekki umhverfið. Ferðafrelsið sé þó minna þar sem lengd framlengingarsnúrunnar ræður vegalengdinni sem hægt er að vinna á. En getur snúran þvælst fyrir við sláttinn?

„Það getur komið fyrir að fólk slái óvart snúruna. En þá gerist ekkert annað en það að hún fer í sundur. Það fær enginn straum þó þetta óhapp verði,“ segir Agnar.

Sláttuorff fást einnig í verslunum BYKO bæði bensín- og rafmagnsorff. Orfin henta vel þegar slá þarf í halla. „Bensínsláttuorfin hjá BYKO eru öll tví-gengis. Tví-gengisvélar eru oftast mun léttari en fjörgengisvélar og mega snúa hvernig sem er, á meðan bensínið lekur ekki af vélinni. Vélina smyr mótörinn í gegnum bensínið og er því ekki eins viðkvæm fyrir miklum halla. Rafmagnssláttuorfin eru einnig hentug á kanta en hreyfigeta sláttumannsins helgast af lengd snúrunnar, en þau eru mun léttari og hljóðlátari en bensínorfin.“

Starfsmenn verslana BYKO ráðleggja viðskiptavinum um val á hentugri vél og geta einnig ráðlagt garðeigendum um umhirðu grasflatarinnar.

„Þeir starfsmenn BYKO sem vinna í árstíðadeildunum hafa sótt námskeið í áburðargjöf og hafa mjög góða þekkingu á því sem fólk vill oftast fræðast um,“ segir Agnar.

Ekki bara sláttuvélar

Sláttuvélar eru ekki það eina sem þarf til að halda garðflötinni fallegri en verslanir BYKO bjóða fjölbreytt úrval af öðrum garðverkfærum, svo sem mosatæturum, hekkklippum og kerrum.

„Mosatætarar eru verkfæri sem mikið er notað á vorin þegar mosi kemur í ljós í grasflötinni þegar hún fer að grænka. Mosinn er þá klóraður upp með mosatætarara en við erum bæði með bensín-drifna tætarar og rafdrifna. Eftir að mosinn hefur verið tættur er borinn áburður á blettinn og kalk en áburð og algengustu plöntulyf er einnig að finna hjá okkur,“ segir Agnar.

„Hekklippur eigum við einnig bæði bensín- og rafdrifnar en fyrir heimilisgarð er yfirleitt

nóg að eiga klippur sem ganga fyrir rafmagni, þær eru léttari en hinar og meðfærilegri. Muna þarf bara að smyrja hnífina reglulega með þar til gerðri olíu, sem fæst að sjálfsgöðu hjá okkur. Svo erum við einnig með kerrur fyrir jeppa eða fólksbíl þegar flytja þarf garðúrgang eða tæki. Í leigumarkaði BYKO er einnig hægt að fá flestar vélar á leigu og margir nýta sér það í stað þess að kaupa vélar sjálfir. Ég vil einnig ráðleggja fólk að geyma sláttuvélar inni í upphitðu þurru rými og þegar sláttutímabilinu líkur að tappa bensíni af vélunum. Rafmagnsvél má hengja upp á vegg í geymslunni, eins og önnur garðverkfæri, á milli þess sem hún er í notkun.“



Sláttuorff, hekkklippur, mosatætarar og fleira í garðverkin fæst einnig í BYKO.

MYND/GVA

Úrval af sláttuvélum!

Gleðilegt sumar!

Verð frá 33.900

Flymo
Vnr. 53323051
Sláttuvél
WARRIOR sláttuvél með fjörgengis mótör. Vélina er 3,75 hestöfl, stillanleg sláttuhæð, sláttubreidd 46 cm.

29.900

Flymo sláttuvél
FLYMO TURBO LITE sláttuvél, 330 SVIF. 1150W sláttubreidd 33 cm, sláttuhæð 10-30 mm, þyngd 6,5 kg, 12 m löng rafmagnssnúra.

Einhell
Vnr. 74830022
Sláttuvél 19.990
EINHELL rafmagnssláttuvél BG-EM 1030, 1000W, sláttubreidd er 30 cm, hæðarstilling er 25-60 mm, safnkassi er 28 l. Lítil og ódýr sláttuvél sem hentar fyrir minni grasbletti.

BOSCH
Vnr. 74891134
Sláttuvél 37.990
BOSCH rafmagnssláttuvél Rotak 34, 1300W, sláttubreidd er 34 cm, hæðarstilling 20-70 mm, safnkassi er 40 l. Kraftmikil sláttuvél sem hentar fyrir minni garða.

Einhell
Vnr. 74830060
Sláttuvél 44.990
EINHELL sláttuvél BG-PM 46 P. Með 3,75 hestafla fjörgengismótör, sláttubreidd er 46 cm, hægt að velja um 3 hæðarstillingar, safnpoki er 60 l.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengi. EXPO - www.expo.is

● **GÓÐ RÁÐ Í GARÐSLÆTTI**

Þegar sumarið nálgast og grasið grænkar fer fólk að huga að garðslætti. Sláttur garðsins hefur áhrif á heildarútlit garðsins og því er gott að hafa í huga að láta grasið ekki verða of hátt þegar það er slegið. Ekki er heldur gott að slá það of mikið niður. Því hærra sem grasið verður því dýpra fara ræturnar í jörðina. Einnig er gott að slá í mismunandi áttir í hvert skipti. Með því verður vöxturinn jafnari. Gott er að miða við að slá garðinn einu sinni í viku.



● **SLÁTTUVÉLIN FUNDIN UPP**

Sláttuvélin var fundin upp af Edwin Beard Budding, verkfræðingi frá Englandi, árið 1830. Hann fékk hugmyndina þegar hann var í fataverksmiðju þar sem verið var að skera efnið og kantarnir voru lagaðir eftir skurðinn. Honum datt í hug að svipað væri hægt að gera við garðslátt. Hann fór í samstarf við annan verkfræðing, John Ferrabee, en þeir leyfðu öðrum fyrirtækjum að nota teikningar sínar með sérstöku leyfi. Í kringum 1850 runnu leyfin út og fleiri fyrirtæki gátu farið að framleiða sláttuvélar. Þá hófst frekari þróun sláttuvéllanna og komu meðal annars hljóðlátari sláttuvélar á markað.



Börn skulu aldrei vera að leik í námunda við garðsláttuvél, hvort sem hún er í gangi eður ei.

Mikilvæg öryggisatriði

Til að forðast slys skulu allir sláttuvélaeigendur og -notendur hafa mikilvæg öryggisatriði á hreinu. Helst ber þess að gæta að börn séu ekki nálægt sláttuvél í notkun, hvorki að ganga meðfram garðsláttuvél í notkun né nálægt henni en auk þess sem sláttuvélin sjálf getur verið hættuleg geta aðskotahlutir skotist frá vélinni meðan hún er í gangi.

Best er að miða við að börn yngri en fimm ára séu höfð inni og undir eftirliti annarra þegar garðurinn er sleginn enda börn á þeim aldri óútreiknanleg. Best er að ganga alltaf þannig frá garðsláttuvél að hún sé geymd þar sem börn ná ekki til.



Mörgum leiðist mosinn en til eru nokkur heimilissráð til að losna við hann.

Stappað ofan á mosanum


Reglulegur garðsláttur getur komið í veg fyrir mosavöxt í garðinum, eða að minnsta kosti minnkad hann, en mosi safnast oftast í grasflatir sem ekki er hirt um. Oftast er mælt með því að fyrsti sláttur eigi sér stað um miðjan maí, en það getur verið mismunandi milli ára og fer eftir tíðarfari.

Ef óæskilegur mosi lætur á sér kræla getur það komið að gagni að þekja mosann með sandi en vert er að hafa í huga að garðurinn er ekki mikið fyrir augað meðan sú aðgerð stendur yfir. Ef fólk vill síður grípa til svo róttækra aðgerða er gott húsráð að nota garðinn einfaldlega mikið og leyfa börnunum og nágrennabörnunum að nýta hann til leikja allt sumarið.



Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli. Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.



- með þér alla leið -

MIKLABORG

569-7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Ragna S. Óskarsdóttir
MBA og löggiltur
fasteignasali



Guðrún Pétursdóttir
skjalagerð



Ólafur Finnbogason
sölufulltrúi



Hilmar Jónasson
sölufulltrúi



Halldór Ingi Andrésson
löggiltur fasteignasali



Atli S. Sigvarðsson
sölufulltrúi



Heimir H. Eðvarðsson
sölufulltrúi



Davíð Jónsson
sölufulltrúi



Margrét Kjartansdóttir
ritari



Birtingakvísl 110 Rvk
Raðhús

Einstaklega vandað
og vel skipulagt raðhús
214 m² með bílskúr
Möguleiki á 5 svefnherb.

v. 45,0m



Fagrakinn 220 Hfj
Góð efri sérhæð

163,9 m²
Hæð, ris og bílskúr
Á frábærum stað í
miðbæ Hafnarfjarðar

v. 28,4m



Suðurmýri 170 Hfj
Glæsilegt tvílyft parhús
181 m² og 3 svefnherbergi
Góður suðurpallur
Vandaðar innréttingar
og gólfefni
Flísalagður 27 m² bílskúr

v. 56,0m



Hverafold 112 Rvk
Stór 3ja herbergja

100 m² endaíbúð
2.hæð með fallegu útsýni
Hús og sameign nýuppgerð
Stutt í alla þjónustu

v. 20,m



Smárarími 112 Rvk
Einbýli

Fallegt einbýli á hornlóð
Botnlangagata
Frábært skipulag
Glæsilegt útsýni

v. 54,9



Bólstaðarhlíð 105 Rvk
60 ára og eldri

3ja herb. 85 m² á 6. hæð
Glæsilegt útsýni
Óflugt félgsstarf
Virkur þjónustukjarni

v. 22,7m



Langahlíð 105 Rvk
Falleg 3ja herb

Mikið endurnýjuð
102 m² íbúð
Frábært útsýni yfir borgina

v. 23,9m



Vesturgata 101 Rvk
67 ára og eldri

Rúmgóð 2ja herb 66 m²
Mikil þjónusta í húsinu
Gott verð
Laus við kaupsamning

v. 18,5m



Næfurás 110 Rvk
Stór 2ja herb

Gott skipulag
Vinsæll staður
Frábært útsýni

v. 17,9m



Eiríksgrata 101 Rvk

4 íbúðir
Um er að ræða sölu á
húsinu í heild sinni eða
stökum einingum.



Háalind 201 Kóp
Mjög vel skipulagt parhús



OPIÐ HÚS Í DAG

19:00 - 20:00
Þriðjudagur 24.mai

Nánari upplýsingar veitir:
Atli S. Sigvarðsson,
Sölufulltrúi
atli@miklaborg.is
sími 899 1178

Góðir sólpallar
Frábær staður
Húsið er á tveimur hæðum
Fallegt útsýni
4 svefnherbergi

v. 53,9m

Við leitum að ...

... **2ja herbergja þjónustuíbúð í Reykjavík**
- Nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason
í síma 822 2307 eða olafur@miklaborg.is

... **umhverfis Háaleitisbraut**,
að 4ra herbergja íbúðum með og án bílskúrs.
að 3ja herbergja íbúðum.
að íbúðum með miklum ákvílandi lánnum.
- Nánari upplýsingar veitir Halldór Ingi Andrésson
í síma 897 4210 eða halldor@miklaborg.is

... **100-150 m² rað- eða parhúsi á Seltjarnarnesi**.
Þarf að vera á einni hæð.
Rúmur afhendingatími ef þess er óskað.
- Nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason
í síma 822 2307 eða olafur@miklaborg.is

... **4ra herbergja íbúð í póstnúmeri 104 og 105**.
- Nánari upplýsingar veitir Davíð Jónsson
í síma 697 3080 eða david@miklaborg.is

... **hæð á Seltjarnarnesi**
með að lágmarki 3 svefnherbergjum og bílskúr í skiptum
fyrir 3ja herbergja íbúð með sér inngangi á sama svæði.
- Nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason
í síma 822 2307 eða olafur@miklaborg.is

... **4ra herbergja íbúð/hæð í Hlíðunum**.
Afhending í ágúst eða fyrir.
- Nánari upplýsingar veitir Halldór Ingi Andrésson
í síma 897 4210 eða halldor@miklaborg.is

... **herbergja jarðhæð með sólpall eða
möguleika á sólpalli í 200-203 kópavogi**.
- Nánari upplýsingar veitir Davíð Jónsson
í síma 697 3080 eða david@miklaborg.is

... **2ja-3ja herbergja íbúð í 108 Reykjavík**
Álftamýri, Safamýri eða Háaleitisbraut.
- Nánari upplýsingar veitir Már Alfreðsson
í síma 615 8200 eða mar@miklaborg.is

- með þér alla leið -

Fasteignir



ÞAÐ ER MEIRA AÐ GERA Á FASTEIGNA-MARKAÐNUM EN ÞIG GRUNAR.

LÁTTU MIG SELJA FYRIR ÞIG, HRINGDU NÚNA

Hafðu samband
 699 5008

Hannes Steindórsson
 Sölufulltrúi
 hannes@remax.is
 Sími: 699 5008

Þórarinn Jónsson hdl.
 Lögg. Fasteignasali

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person., Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Til leigu rúmgóð 3 herb. sérhæð 94,2fm í Hafnarfj 110þús. Uppl. í s. 892 2506.

15 fm herbergi + geymsla við Miklubraut. Sameiginleg snyrtiaðstaða. Leiguverð 40 þ. per mánn. S. 867 0143 eða 893 1477.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Stutt í lónskólann og bónus S. 892 5309.

2. herb. 50fm íbúð til leigu í 101. Uppl. í s. 774 4425 á milli kl. 18 & 21.

ROOM f/RENT w/FURNITURE IN 108 RVK NEAR KRINGLA AND IN 111/109 BREIHOLT 8973611

Stúdíó eða herbergi. Skammtíma-eða langtímaleiga. S. 821 4848.

Geymsluhúsnaði

geymslur.com
 Geymslur frá 3990.- kr á mánn. í Garðabæ (há Ikea) og Reykjavík (Fískislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is
 Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktad. S: 564-6500

www.buslodageymsla.is
 Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Óska eftir starfskrafti í hlutastarf í söluturn. Verður að vera yfir 18 ára. Uppl. í s. 698 4066.

Beitningamenn óskast á 15 tonna bát sem rær frá Tálknafirði. S. 861 0381 og 846 3526

Óska eftir 2-4 smiðum í byggingu sumarhúsa. Uppl í s. 896 3068

Vanur Grillari Óskast
 Vanur grillari óskast í aukavinnu á veitingastaðnum Ginger aðra hvorra helgi ekki yngri en 20 ára, reykláus og reglusámur uppl. gefnar á: nonni@ginger.is

Atvinna



Thorvaldsen óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf

Kokkur / matreiðslumaður
 Fullt starf, þarf að hafa metnað, geta unnið sjálfstætt, hafa frumkvæði, verður að geta unnir hratt vegna mikilla ana.

Þjónn
 Fólk með reynslu af þjónustustörfum kemur eingöngu til greina

Barþjónn
 Fólk með reynslu af barkeyrslu kemur eingöngu til greina

Sólarfólk
 fólk til að afgangi í sal, úti, hreinsa sal, þarf að geta mætt með stuttum fyrirvara.

Upplýsingar veitir Kolbrún í síma 8614844 eða sendið umsókn með mynd á kolbrun@thorvaldsen.is

Bílskúr

!!!! VANTAR Bílskúr til leigu !!!! Að minstakosti árs leig S: 772-2044

Gisting

Gisting í gamla Vesturbænum Nýuppperð notaleg 50 ferm. 2herb. íbúð. 3 nætur eða lengri tími í júní og júlí Uppl. 693 8599.



Vantar hársnyrtisvein og -meistara
 á stofuna hjá okkur í 100% eða hlutastarf kemur líka til greina. Frekari uppl. í síma 511-1373

FASTEIGNASALA ÍSLANDS

VEGMÚLA 2 • SÍMI 588 5060 • FAX 588 5066
 Haukur Geir Garðarson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

Vesturberg 52 – Nýuppperð 4ra




OPÍÐ HÚS

Mikið endurnýjuð og björt 4ra herb. íbúð á fjórðu og efstu hæð (3 hæðir upp). Ný vönduð háglans hvít eldhúsinnrétting og ný AEG eldavél og vífta. Stórar suðvestur svalir og glæsilegt útsýni. Endurnýjað baðherb. Nýjar sérsmíðaðar eikarhurðir. Nýir fataskápar. Ljóst parket á gólfum. Búið að endurnýja rafm að mestu leyti. Verið að klæða húsið að utan sem hefur verið greitt af seljanda.
OPÍÐ HÚS Í DAG KL. 18-20. Laus. Verð 18,5 millj.

ATVINNA

Atvinna í boði



Viltu vinna á skemmtilegum vinnustað?
 Erum að leita að naglasérfræðingi og snyrtifræðingi á snyrtistofuna hjá okkur. 100% og hlutastarf kemur til greina Nánari upplýsingar 511-1373

Sendiráð Indlands óskar eftir bílstjóra í fullt starf.
 Þarf að vera með amk 2ja ára reynslu og gilt ökuskruteini. Vinsamlegast sendið umsókn og starfsferil á ensku fyrir 31 05 2011 til:
Indian Embassy The Head of Chancery
 Skúlagata 17, 101 Reykjavík
 Phone 534 9955

Tilkynningar

Aðalfundur Búmanna

Aðalfundur Búmanna hsf. verður haldinn á Grand Hóteli Reykjavík, Sigtúni 38, fimmtudaginn 9. júní kl. 17.00. Fundurinn verður í sal hótelsins er nefnist Hvammur.

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins. Breytingar á samþykktum félagsins. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, alþingismaður flytur ávarp.

Stjórnin.

Fjallabyggð

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028

vegna heitavatnsborholu (SK-1) og nýrrar hitaveitulagnar í Skarðsdal að þéttbýlinu í Siglufirði

Bæjarstjóri Fjallabyggðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 ásamt umhverfisskýrslu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsbreytingin snýr að heitavatnsborholu staðsettri í Skarðsdal og hitaveitulög sem liggja mun frá borholunni að stjórnhúsi/heitavatnstanki staðsettu ofan þéttbýlisins í Siglufirði.

Tillagan er sett fram í greinargerð með umhverfisskýrslu og á tveimur uppdráttum, þéttbýlisuppdrætti fyrir Siglufjörð í mælikvarðanum 1:10.000 og sveitarfélagsuppdrætti í mælikvarðanum 1:50.000.

Tillagan verður til sýnis hjá Skipulagsstofnun og á skrifstofum Fjallabyggðar að Gránugötu 24 á Siglufirði og Ólafsvægi 4 í Ólafsvíri frá og með þriðjudeginum 24. maí til þriðjudeginsins 5. júlí 2011.

Gögnin verða einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins á fyrrgreindum tíma - www.fjallabyggd.is -

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunna. Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist til bæjarstjóra á bæjarskrifstofu Fjallabyggðar eigi síðar en kl. 16.00 mánudaginn 4. júlí 2011.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Bæjarstjóri Fjallabyggðar

HAFNARFJÖRDUR

Félagssráðgjafi – Félagspjónustan í Hafnarfirði

Laus er til umsóknar staða félagssráðgjafa hjá Félagspjónustunni í Hafnarfirði.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 1. júní n.k.

Verkefni viðkomandi verða í barnavernd og öðrum málaflökkum sem falla undir verkswið félagspjónustu, s.s. málefnum fatlaðra, málefnum aldraðra, fjárhagsaðstoð, almennri félagssráðgjöf o.fl.

Hæfniskröfur:

- Starfsréttindi í félagssráðgjöf
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Félagspjónustan býður upp á:

- Fjölskylduvænann vinnustað
- Fjölbreytt verkefni á sviði velferðarmála
- Þverfaglega samvinnu með metnaðarfullu starfsfólki
- Góðan starfsanda

Umsækjendur sendi upplýsingar um menntun og fyrri störf til Félagspjónustunnar í Hafnarfirði, Strandgötu 33, 220 Hafnarfirði, fyrir 27. maí n.k. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir. Launakjör er samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Félagssráðgjafafélags Íslands.

Nánari upplýsingar veita Guðríður Guðmundsdóttir lögfræðingur, gurru@hafnarfjordur.is og Ólína Birgisdóttir deildarstjóri, oлина@hafnarfjordur.is.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru karlar, jafnt sem konur, hvattir til aðsækja um starfið.

www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARDARBÆJAR
 STRANDGATA 6
 220 HAFNARFJÖRDUR
 SÍMI 585 5500
 FAX 585 5599




FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Lesendur okkar eru á öllum aldri

– og við þjónum þeim öllum




Allt sem þú þarft

GERÐU GÓÐ KAUP!

TILBOÐIN GILDA 24.05 - 26.05

Jutlandia
Harðviður

STEPHEN
hægindastóll
Góður hægindastóll með
innbyggðum fótaskemli.
Áklæði brúnt PU efni.



SPARIÐ
21.960



VERMONT borð og
VERONA stillanlegir stólar
Glæsilegt borð með harðviðarplötu og álgrind.
Stærð á borði: B90 x L150 sm. Borð **29.990,-**
Stóll **12.990,-**

BORÐ + 4 STÓLAR

59.990,-

SPARIÐ
15.000

VENJULEGT VERÐ:
39.950,-

24.950,-



Herra- og
dömusokkar
Góðir sokkar fyrir
dömur og herra.
6 pör saman í
pakka. Stærðir:
36-46.

6 PÖR

6 PÖR AÐEINS:

995,-

STÆRÐ:
140 X 200 SM.

1.495,-



MOLLIE sængurverasett
Efni: 100% polyestermikrófíber.
St. 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

SPARIÐ
2.000



BAHAMAS
sumarsængur
Mjúkar og léttar
sumarsængur fylltar
með sílikonhol-
trefjum. Áklæði úr
100% bómull. Fást
í nokkrum fallegum
litum og munstrum.
Stærð: 135 x 200 sm.

SUMARSÆNG

2.995,-



Gallabuxur
Gallabuxur í
bláum lit.
Margar
stærðir fán-
legar.

GALLABUXUR

2.495,-



VERÐ ÁÐUR:
8.995,-

6.995,-

SAMSON barnaferðarúm
Létt og handhægt barnaferðarúm, kemur í góðri tösku.
Stærð: 60 x 120 sm.

29 LÍTRA
PLASTKASSI

1.695,-

MEÐ LOKI

Plastkassi 29 lítra
Góður 29 lítra plastkassi
með smeltu loki.
Stærð: 46,5 x 35,5 x 25,7 sm.

LEIKTJALD
VERÐ ÁÐUR: 1.995,-

1.495,-

Leiktjald og stóll
Sniðugt barnaleiktjald og stóll
á frábæru verði!
Fjórir mismunandi litir
og gerðir fánlegar.



25%
AFSLÁTTUR

POKAHALDARI
MEÐ 2 RÜLLUM

399,-

Pokahaldari og pokarúllur
Pokahaldari og 2 rúllur **399,-**
3 svartar pokarúllur (20 stk. á rúllu) **299,-**

RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



RAFVÖRU MARKAÐURINN

ÚRVAL LAMPA & ÚTILJÓSA

Við Fellsmúla - Reykjavík

FLÚRLAMPAR

10W
15W
18W
30W
36W



Verð frá **2.595**

FLÚRLAMPAR

14W
21W
28W



Verð frá **2.995**

IÐNAÐARLAMPAR M/ SKERM

2.995

1 x 36W




4.995

2 x 36W




SPEGLALAMPAR

Verð frá **4.995**



Verð frá **5.595**


Með tengli



Verð frá **4.995**

Með tenglum

INNF. FLÚRLAMPAR Í LOFT



6.995

4 x 14W

5.995

4 x 18W

ÚTILJÓS

LÝSA UPP OG NIÐUR



4.795

4.995

4.995

5.995

G9 25W

INNRETTINGALAMPAR



3.995

8W

4.595

13W

FLÚRLAMPAR Á LOFT



5.995

4 x 18W

5.995

2 x 36W

ÚTILJÓS



995

FLÚRLAMPI Á LOFT



4.959

2 x 36W

ÚTI OG INNILJÓS Litir: króm og hvítt



4.495

með sparperu 28W

3.795

með sparperu 16W

4.295

með sparperu 28W

3.395

með sparperu 16W

ÚTILJÓS



3.295

3.295

ÚTILJÓS



995

995

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt



1.995

1.995

1.995

1.995

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt



3.995

3.995

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt



3.995

3.995

3.595

3.595

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt



3.995

3.995

3.595

3.595

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. þungi, 6. rún, 8. efni, 9. gagn, 11. tveir eins, 12. hald, 14. rabb, 16. í röð, 17. fiskur, 18. hætta, 20. samtök, 21. land í Asíu.

LÓÐRÉTT

1. áfengisblanda, 3. ólæti, 4. frumtala, 5. goð, 7. heimilistæki, 10. hald, 13. af, 15. gan, 16. tæki, 19. skst.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. farg, 6. úr, 8. tau, 9. nyl, 11. óð, 12. skáft, 14. skraf, 16. tu, 17. áll, 18. ógn, 20. aa, 21. laos.
LÓÐRÉTT: 1. þúns, 3. at, 4. rötala, 5. guð, 7. rýksuga, 10. tak, 13. frá, 15. fíla, 16. töl, 19. no.

Fréttir úr sortanum

BAKPANKAR Bergsteins Sigurðssonar

Ógæfu Íslands verður allt að vopni, æpti ég upp yfir mig í gær þegar ég horfði á fréttir úr sortanum á Kirkjubæjarklaustri og nágrenni. „Fyrst hrúnið með tilheyrandi kaupmáttarrýrnun, skattahækkunum og atgervisflótta. Höfum við ekki fengið nóg?“ Konan mín leit á mig. „Við? Þíddu, hefur þetta eldgos eitthvað bitnað beint á okkur, frekar en þorra íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem fylgjast með úr öruggri fjarlægð?“

ÉG reyndi að malda í móinn. „Ja, við þurfum nú að loka gluggunum hjá okkur, og það var aska á hnakknum á hjólinu mínu í morgun; svo er þunglyndislegt, grátt öskumistur yfir borginni og ég kemst ekki út að hlaupa í dag því heilbrigðisyfirvöld vara fólk við að erfiða mikið utandyra.“



„ERU ÞETTA einu beinu áhrifin sem gosið hefur haft á þig?“ spurði hún á móti. „Er búfenaðurinn þinn að drepast meðan þú ert að keppast við að koma honum í öruggt skjól?“ „Nei,“ muldraði ég. „Er bleikjueldið þitt að fyllast af hræjum?“ „Nei.“ „Sérðu handa þinna skil?“ Ég leit í gaupnir mér og kinkaði kalli. „Nærðu andanum án erfiðleika?“ Ég dæsti til samþykkis. „Hefðirðu hvort ed er farið út að hlaupa út í þessum kulda?“ „Já,“ full-

yrti ég með tóni sneyddum öllu því sem kalla mætti sannfæringu.

„SUMSÉ,“ hélt hún áfram, „heilðaráhrifin sem eldgosíð í Grímsvötnum hefur haft á þig fram að þessu er að þú lokaðir nokkrum gluggum og straukst rykskán af reiðhjólannakki.“ „Ekki gleyma þunglyndislegu öskumistri,“ bætti ég við og uppskar augnaráð með annars konar meðaumkun en þeirri sem ég var að fiska eftir. „Og finnst þér þetta sambærilegt við það sem fólkíð fyrir austan fjall þarf að fást við?“

„ÓGÆFU ÍSLANDS verður allt að vopni,“ endurtók ég og steytti hnefa. „Skattar, kaupmáttur, fólksflótti, eldgos. Allt leggst á eitt. Geturðu ímyndað þér hvað við töpum mörgum gistinóttum.“ „Ert þú nú allt í einu orðinn einhver ferðaþjónustubóndi?“ svaraði hún. „Það er nú bara ekkert svo fráleit hugmynd,“ fnæsti ég og gjóaði augunum á lopapeysuna mína á nálægu stólbaki og kjölinn á Njálu í bókahillunni.

„ÞÚ ÁTTAR þig á því,“ hélt hún áfram, „að í stað þess að finna til hluttekningar með þeim sem glíma við öskuna ertu að búa til tengingu milli efnahagsmála og gossins til þess eins að fódra eigin sjálfsvorkunn; þú barmar þér yfir óföllum sem aðrir þurfa að glíma við.“ „Ógæfu Ísl...“ reyndi ég að árétta í síðasta sinn en var orðinn einn í stofunni.




VEISLUBAKKAR

FERSKT & ÞÆGILEGT



30 bitar

TORTILLA OSTABAKKI



30 bitar

TORTILLA VEISLUBAKKI



20 bitar

EDALBAKKI



20 bitar

GAMLI GÓÐI



20 bitar

LÚXUSBAKKI



Fyrir 10 manns

ÁVAXTABAKKI



50 bitar

DESERTBAKKI

Pantaðu í síma

565 6000

eða á www.somi.is

Fri heimsending*

*Hver samlökbakki er hæfilegur fyrir fjóra eða fimm. Fri heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli

Já, maður lærir svo lengi sem maður lifir. Og ég þarf að varast menn sem setja peysuna yfir axlirnar á sér. Og menn með þungar gullkeðjur. Og menn sem elska rakakrem. Og menn sem leika á túbu. Akkúrat. Ok. Segir sig sjálft. Og menn sem kunna ekki að meta gott gítarrið. Þeir eru lélegir. En menn með tagl. Ég veit ekki um þá. Jú, jú, menn með tagl eru alltaf merki um eitthvað gott. Menn með fléttur boða hins vegar ekki gott. Já, ok, svoliðis.

■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Finnst þér hún ekki áhugaverð? Hver? Hún? Hún er alveg pottþétt orðin þrítug. 42, ég er búinn að gúgla hana. Hey, þú ert að fantasera um félagsráðgjafann þinn, hættu því!

■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Ég get svarið fyrir það, fíflíð þitt, ég sagði nagla-rúm, nagla!

■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ertu enn að taka til? Já, því miður. Jája. Ég vildi bara upplýsa að veðrið í dag er alveg frábært, eiginlega alveg stórkostlegt. Jája, ég ætla að leyfa þér að halda áfram. WWWWWW Sumir eru bara svo viðkvæmir fyrir veðrinu.

FRÉTTIR
VÍÐSKIPTI
ÍÞRÓTTIR
LÍFIÐ
UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.





Tónlist ★★★★★

Jonas Kaufmann með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Listahátíð í Reykjavík

Flutt í Hörpu

Brjálaðir tónleikagestir

Það er ekki nóg að hafa flotta rödd og geta sungið sterkt. Menn verða líka að vera músikalskir. Hafa næma tilfinningu fyrir skáldskapnum og öllum blæbrigðum hans. Og kunna að miðla honum til áheyrenda.



MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

Þriðju tónleikarnir sem ég fór á í Hörpu voru haldnir á laugardaginn, á Listahátíð í Reykjavík. Sinfónían spilaði þar við söng þýska tenórsins Jonas Kaufmann, sem er einhver sá magnaðasti um þessar mundir.

Hvað er svona magnað við hann? Jú, strax á fyrstu tónum aríu úr Toscu eftir Puccini var ljóst að Kaufmann er með einstaklega fallega rödd. Hún var hlý og breið, tær og sterk; það var einhver fylling í tóninum sem unaðslegt var að upplifa. Og tilfinningin í túlkuninni var ekta, rómantíkin alger, full af ástríðum. Blæbrigðin í söngnum voru fallega mótuð, veikir tónar þéttir og nákvæmir, sterkir tónar óheftir og glæsilegir.

Valdið yfir styrkleikabrigðum var algert. Kaufmann lét tónana, þegar við átti, deyja út í lok hendinga, sem er vandasamt. Það var frábærlega vel gert, raunar alveg fullkomið.

Sinfónían var líka flott. Hún hljómaði fallega á hinum tónleikunum sem ég hef farið á í Hörpu, en ekki eins og nú. Fiðlurnar voru unaðslega mun-úðarfullar, ef hægt er að nota það orð. Og slagverkið var öflugt og ómandi, en ekki um of. Sellóin voru skemmtilega safarík og blásararnir voru hreinir og í hæfilegu jafnvægi við allt annað. Heildarhljómurinn var í senn tær, en líka völdugur.

Stjórnandi að þessu sinni var Peter Schrottner. Hann hefur mikla reynslu úr óperuheiminum, hefur m.a. stjórnað á Wagner-hátíðinni í Bayreuth. Það var auðheyrt á tónleikunum. Nokkrir óperuforleikir voru á dagskránni, fyrst úr óperunni I vespri siciliani eftir Verdi. Forleikurinn var óvanalega flott byggður upp. Stigandin var markviss og spennuþrungin, og hápunktarnir svo yfirgengilegir að mann langaði til að standa upp og æpa. Sömu sögu er að segja um hina forleikina, sem spönnuðu vítt svið, allt frá djúpum, en háleitum Wagner yfir í léttmeti eftir Zandonai og Ponchielli.

Að standa upp og æpa, já. Það var einmitt það sem flestir áheyrendur gerðu í lok tónleikanna. Satt best að segja man ég ekki eftir annarri eins stemningu á klassískum tónleikum á Íslandi. Áheyrendur gengu gersamlega af göflunum! Kaufmann var klappaður upp hvað eftir annað, og söng hvorki meira né minna en fjögur aukalög. Þetta voru ótrúlegir tónleikar.

Ljóst er að tónlistarlífið í Hörpu byrjar vel.

Jónas Sen

Niðurstaða: Algerlega frábær skemmtun með stórkostlegum listamanni.

Ljóðrænn óhugnaður

Dans ★★★

Við sáum skrímli

Sýning Shalala, unnin í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík og Þjóðleikhúsið. Listrænn stjórnandi: Erna Ómarsdóttir.

Kassinn, Þjóðleikhúsinu

Það þarf ákveðinn andlegan undirbúning áður en farið er á sýningar Ernu Ómarsdóttir vegna þess hvað ljótleikinn spilar þar stórt hlutverk bæði í efni og formi. Sýningin Við sáum skrímli er hér engin undantekning. Verkið fjallar um hvernig manneskjan getur umbreyst í eins konar skrímli (monster) og misst sjónar á siðferðislegum gildum mannlegs samfélags. Efnid er kynnt í frásögnum (á íslensku til tilbreytingar) sem Erna flytur á sviðinu. Hreyfingarnar og framvinda verksins kallast á og lýsa þessum hrottalegu sögum.

Ólíkt því sem ætla mætti var form verksins miklu fegurra en efni þess. Sjónrænt var verkið sterkt og öll umgjörð til fyrirmyndar. Lýsingin var hrein og tær og reykurinn sem oft er viðkvæmur í notkun læddist inn á sviðið aðeins þegar hans var þörf. Búningarnir voru vel hugsaðir og leikmyndin í lokin sniðug. Leikmunirnir gáfu verkinu aukna vídd og voru vel nýttir. Dansinn sem slíkur var áhugaverður og út frá lögmálum danssmiðanna voru margar skemmtilegar lausnir eins og hvernig sitt hár þáttakendanna fékk hlutverk í dansinum og hvernig hendurnar voru nýttar.

Frammistaða flytjendanna var fín. Lovísa Ósk Gunnarsdóttir og Sigríður Soffía Nielsdóttir voru ekki áberandi en fylltu samt mjög vel upp í sviðið þegar þær dönsuðu. Ásgeir Helgi Magnússon fékk bæði að láta ljós sitt skína í dansi



og atriðum sem kröfðust meiri leikrænnar tjáningar. Dúettinn hans við ljáinn var áhrifamikill sem og atriðið með höndunum. Valdimar Jóhannsson sem þreytti frumraun sína sem dansari í dansverki skilaði sínu með þrýði enda var hlutverkið hans vel sniðið að getu hans. Hann notaði röddina skemmtilega og tónlistin sem var hans hugarfóstur passaði vel við stemmingu dansverksins hverju sinni.

Erna Ómarsdóttir var aðallega í hlutverki sögumanns í þetta sinn. Hún söng og sagði frá auk þess að taka stutta dansspretti. Hún hefur náð góðu valdi yfir röddinni bæði þegar hún syngur, talar og öskrar og komst vel frá sínu. Eina hlutverkið sem ekki virtist útpælt var hlutverk Sigtryggs Bergs Sigmarssonar. Hann var með í flestum senunum og stóð sig ágætlega en hlutverkið var lítilvægt og ekki vel hannað fyrir óþjálfadan dansara.

Hryllingsþema hefur verið mikilvægur þáttur í listsköpun alla tíð. Hryllingurinn ógrar og ógnar hversdagslegu lífi áhorfandans og skapar honum möguleika á að upplifa spennu og finna fyrir tilfinningum sem fyrirfinnast ekki í daglegu lífi í flestum tilfellum, sem betur fer. Sýningin Við sáum skrímli var hryllingsstúdía en hana vantaði spennu til að geta talist hryllingssýning. Útfærsla og úrvinnsla frásagnanna var of yfirborðskennd og ósamræmi á milli hrottalegs efnisins og ljóðrænnar framsetningarinnar. Þetta ósamræmi hefði getað verið mjög sterkt og þversagnarkennt en náði því ekki. Form sýningarinnar var aftur á móti vel heppnað og hægt að njóta hreyfinganna og sviðsetningarinnar.

Sesselja G. Magnúsdóttir

Niðurstaða: Vel fornuð sýning en hnökur í útfærslu og úrvinnslu draga hana niður.

MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI

auglýsir inntöku nýrra nemenda fyrir skólaárið 2011 - 2012

MYNDLIST - HÖNNUN - ARKÍTEKTÚR

FORNÁM - Alhliða undirbúningur fyrir nám í hönnun og listum á æðra skólastigi

GRAFÍSK HÖNNUN

LİSTHÖNNUNARDEILD veitir starfsmenntun í grafískri hönnun

FRJÁLS MYNDLIST

FAGURLİSTADEILD veitir starfsmenntun í frjálsri myndlist

Skóli með sterkan prófíl

Umsókn um skólavist þarf að berast skólanum fyrir 3. júní nk. Nánari upplýsingar í síma: 462 4958

Fallegir opnunartónleikar

Tónleikar ★★★★★

Listahátíð í Reykjavík

Harpa Norðurljós 20. maí

Ólöf Arnalds og Skúli Sverrisson

Það var fullt hús í Norðurljósa-sal Hörpunnar á föstudagskvöldið þegar Ólöf Arnalds og Skúli Sverrisson komu þar fram ásamt hópi hljóðfæraleikara á fyrstu tónleikum Listahátíðar í Reykjavík 2011. Ólöf og Skúli hafa starfað töluvert saman. Hún vakti fyrst athygli fyrir lögina sem hún söng á plötunni hans Seríu sem kom út árið 2006 og eins og hún sagði á tónleikunum þá var það eftir það samstarf sem hún fór sjálf að semja lög. Skúli kemur líka við sögu á báðum plötum Ólafar.

Dagskráin samanstóð af lögum þeirra beggja, aðallega af plötum Skúla, Seríu og Seríu II og Ólafar, Við og við og Innundir skinni. Tónleikarnir hófust á lögnum Spontaneous Kindness og Sería eftir Skúla og svo komu Englar og dárar og Klara eftir Ólöfu og þannig hélt dagskráin áfram út tónleikana, lögina þeirra til skiptis.

Tónlistin þeirra passar ágætlega saman. Lögina hans Skúla eru flest án söngs. Þau eru seidmögnuð og melódísk og stundum dáleiddandi falleg. Þau komu sérstaklega vel út á þessum tónleikum þar sem hljómur allra hljóðfæra skilaði sér fullkomlega út í salinn. Söng-



Í HÖRPUNNI Tónleikar Ólafar Arnalds og Skúla Sverrissonar í Hörpunni voru vel heppnaðir.

lög Ólafar eru öðruvísi upp byggð, en líka hljómfögur og stemningsfull.

Hljómsveitin samanstóð af fólki sem hefur mikið unnið með Ólöfu og Skúla. Hildur Guðnadóttir spilaði á selló, Eyvindur Kang og María Huld Markan á fiðlur, Amadeo Pace (úr Blonde Redhead) og Róbert Reynisson á gítara, Matthías Hemstock á slagverk og Kjartan Sveinsson á hljómborð. Skúli spilaði á bassann og Ólöf bæði á fiðlu og gítara, auk þess að syngja og kynna lögina. Ragnar Kjartansson söng hið frábæra

Crazy Car með Ólöfu og Daníel Bjarnason spilaði á píanó í laginu Madrid.

Þetta voru finir tónleikar. Falleg tónlistin naut sín vel í Norðurljósa-salnum og svo gerðu heimilislegu og skemmtilegu kynningarnar hennar Ólafar líka mikið fyrir stemninguna. Það má því segja að tónleikahald á Listahátíð hafi farið mjög vel af stað.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Skúli Sverrisson og Ólöf Arnalds fylltu Norðurljósa-sal Hörpunnar af fallegum tónum á vel heppnuðum tónleikum.

mid.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

PAUL 700 KR. ★★★★★

Gnomio & Julia 950 KR. 3D ★★★★★

FAST & FURIOUS 700 KR. ★★★★★

Þriðjudagur er tilboðsdagur.

LAUGARÁSBIÓ Síningartímar

PAUL	5.50, 8 og 10.10
GNÓMIÓ OG JÚLÍA 2D - ISL TAL	5
GNÓMIÓ OG JÚLÍA 3D - ISL TAL	5
FAST & FURIOUS 5	7 og 10
THOR 3D	7.30 og 10

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

HEIMSFURMSÝNING!

PIRATES OF THE CARIBBEAN ON STRAITS

Jack Sparrow er mættur í stærstu mynd sumarsins! Stórkostleg þrívíddarvintýramynd með Johnny Depp, Penélope Cruz, Ian McShane og Geoffrey Rush. Sýnd í Disney Digital 3D í viðdóm kvikmyndahúsum

DRIVE ANGRY 3D NICHOLAS CAGE ER MÆTTUR Í HÖRPU HASARMYND

ANIMALS UNITED 3D SÝND MEÐ ÍSL. TAL

SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 5 - 7 - 8 - 10	PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 4 - 5 - 8 - 10 - 11	DÝRAFJÖR (ANIMALS UTD) kl. 5:30
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 9:20 (2D)	PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 Lúxus VIP kl. 5 - 8	DRIVE ANGRY 3D TEXTALUS kl. 10.30
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 5 - 8	DÝRA FJÖR (ANIMALS UTD) kl. 6	THOR 3D kl. 8 - 10 30
DÝRA FJÖR (ANIMALS UTD) kl. 5:20 - 8 - 10:40	FAST FIVE kl. 5:20 - 8 - 10:40	SOMETHING BORROWED kl. 5:30 - 8
FAST FIVE kl. 5:50 - 8 - 10:20	SOMETHING BORROWED kl. 5:50 - 8 - 10:20	PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 6 - 7 - 9 - 10
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 5 - 8 - 10:50	ANIMALS UNITED kl. 6	FAST FIVE kl. 5:30 - 10:20
ANIMALS UNITED kl. 6	DRIVE ANGRY kl. 8 - 10:20	THE LINCOLN LAWYER kl. 8
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 5 - 8 - 10:50	PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 5 - 8 - 10:50	
FAST FIVE kl. 8	FAST FIVE kl. 8	
PRIEST kl. 10:50	PRIEST kl. 10:50	
ANIMALS UNITED kl. 6	ANIMALS UNITED kl. 6	

SMÁRABÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ**

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 4 - 5 - 8 - 10 - 11

PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 5 - 8 - 11

PRIEST 3D kl. 6 - 8 - 10.30

GNÓMIÓ OG JÚLÍA 3D kl. 4 - 6

FAST FIVE kl. 8 - 10.40

THOR 3D kl. 8

RÍO 3D ÍSLENSKT TAL kl. 3.40

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐLIS

PIRATES 4 3D KL. 4 - 5 - 8 - 10 - 11 10

PIRATES 4 3D Í LÚXUS KL. 5 - 8 - 11 10

PRIEST 3D KL. 6 - 8 - 10.30 16

GNÓMIÓ OG JÚLÍA 3D KL. 4 - 6 L

FAST FIVE KL. 8 - 10.40 12

THOR 3D KL. 8 12

RÍO 3D ÍSLENSKT TAL KL. 3.40 L

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS

WATER FOR ELEPHANTS KL. 5.30 - 8 - 10.30 L

GNÓMIÓ OG JÚLÍA 3D KL. 6 L

FAST FIVE KL. 6 - 9 12

HÆVNIEN KL. 5.40 - 8 12

HANNA KL. 8 - 10.20 16

PRIEST 3D KL. 10.30 16

BORGARBIÓ NÁNAR Á MIÐLIS

PAUL KL. 8 - 10 12

FAST FIVE KL. 5.40 - 10 12

PRIEST 3D KL. 8 16

GNÓMIÓ & JÚLÍA 3D KL. 5.40 L

mid.is facebook /smarabio • facebook /haskolabio

Listahátíð sett í Hörpunni

Listahátíð í Reykjavík var sett í anddyri Hörpunnar síðastliðinn föstudag. Ólöf Arnalds, Högni Egilsson og karlakórinn Fóstbraeður voru á meðal þeirra sem komu fram.



BIRGITTA Þingmaðurinn Birgitta Jónsdóttir mætti á setningu Listahátíðar.



HJALTALÍN Söngvararnir Sigríður Þorlacius og Högni Egilsson úr Hjaltaín ásamt umboðsmanni hljómsveitarinnar, Steinþóri Helga Arnsteinsyni.



ÞRÍR GÓÐIR Listamaðurinn Ragnar Kjartansson ásamt S. Birni Blöndal, aðstoðarmanni borgarstjóra, og Jóni Gnarr borgarstjóra.



FORSETI ÍSLANDS Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var á meðal gesta í Hörpunni.

TILBOÐ MÁNAÐARINS

BIOTTA

20% AFSLÁTTUR

TILBOÐIÐ GILDIR ÚT MAÍ

Apótekið -einfalt og ódýrt

DIGEST SAFI Lífrænn og ljúffengur ávaxtasafi, náttúruleg uppspretta sorbitols úr sveskjum, fikjum og feiri ávöxtum.

RAUÐBÆDUSAFI Hreinsandi eiginleikar og einstakt næringargildi. 100% lífræn ræktun.

Spönginni • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri • www.apotekid.is

BÍÓ PARADÍS

HUR MANGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? 18:00, 20:00, 22:00

ROUTE IRISH 20:00, 22:10

OKKAR EIGIN OSLÓ 18:00, 20:00

BOY 18:00, 22:00

BJARNFREDARSON (MEÐ ENSKUM TEXTA) 18:00

MÁVAHLÁTUR (MEÐ ENSKUM TEXTA) 20:00

TÁR ÚR STEINI (MEÐ ENSKUM TEXTA) 22:00

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is

ROUTE IRISH

OKKAR EIGIN OSLÓ

Lifið ER LEIKSVIÐ!

BAR CAFE

MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

Allar pizzur af matseðli á 1.390 kr.*

MEGAVIKA

Tilboð á meðlæti og gosi.*

Vikuna 23. - 29. maí 2011



58-12345
dominos.is



*Ef þú sækir.

Stefánsson & Stefánsson



KOLBEINN SIGÞÓRSSON hefur verið undanfarna daga og vikur verið sagður á leið til hollenska stórlíðsins Ajax. Hann mun hafa komist að samkomulagi um kaup og kjör en félag hans í Hollandi, AZ Alkmaar, vill fá fimm milljónir evra fyrir sinn mann. Danny Blind, tæknistjóri Ajax, sagði við hollenska fjölmiðla það vera of mikið fyrir Kolbein en Ajax er sagt hafa lagt fram tilboð upp á 3,5 milljónir.



WILSHERE Mun hvíla sig þegar EM fer fram í Danmörku í sumar. MYND/GETTY

Enska U-21 landsliðið:

Wilshere ekki með á EM

FÓTBOLTI Jack Wilshere, leikmaður Arsenal, verður ekki með Englendingum á EM U-21 liða í sumar þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar um áhuga sinn að spila með liðinu.

Stuart Pearce, landsliðsþjálfari Englands, valdi í gær 23 manna lokahóp sinn fyrir EM og var nafn Wilsheres hvergi að finna.

„Hann sagði mér í mars að hann vildi vera með en í vikunni tjáði hann mér að hann taldi sig ekki í nógu góðu formi til að fara til Danmerkur,“ sagði Pearce.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, var afar mótfallinn því að senda Wilshere til Danmerkur og fékk því sínu framgengt. Andy Carroll, leikmaður Liverpool, verður heldur ekki með í sumar en það er vegna meiðsla.

Enska liðið er þó gríðarlega sterkt en 18 af leikmönnum 23 eru á mála hjá félögum í ensku úrvalsdeildinni.

Alveg sama um blessað andlitið


Tryggvi Guðmundsson kvartar ekki mikið þrátt fyrir að hafa þríbrotnað í andlitinu í 2-0 sigri ÍBV í Keflavík í fyrrakvöld nema þá helst yfir því að lækarnir segi að hann spili ekkert fótbolta næstu vikurnar. „Það er alltof gaman að spila með þessu ÍBV-liði og það er markamet sem þarf að slá,“ segir Tryggvi.

FÓTBOLTI Tryggvi Guðmundsson ætlar að gera allt til þess að bæta markamet Inga Björns Albertssonar í efstu deild karla en heppnin hefur ekki alveg fylgt honum í tveimur fyrstu útileikjum Pepsi-deildarinnar. Hann fékk rautt spjald eftir 44 mínútur í þeim fyrsta á móti Val og svo var hann fluttur á sjúkrahús í hálfleik í leiknum á móti Keflavík í fyrrakvöld eftir að hafa fengið slæmt högg á kinnbeinið.

„Þetta er búin að vera mjög skrautleg byrjun hjá mér og ég var að átta mig á því í gær að ég er í raun bara búinn að spila þrjá leiki. Ég er búinn að spila tvo fyrstu leikina og svo bara hálfleik á móti Val og hálfleik á móti Keflavík. Ég hef í raun einungis spilað þrjá leiki af fimm og það er hundfúlt. Maður þarf að spila leiki til þess að skora mörk,“ segir Tryggvi sem skoraði sitt 118. mark í efstu deild á móti Keflavík. Hann vantar nú átta mörk til að jafna markamet Inga Björns Albertssonar.

„Þetta var svakalegt högg en ég var ótrúlega stoltur af því að ég vann skallaevnigildið. 175 cm á móti Halla Guðmunds sem er mikill skallamaður. Ég var mjög ánægður með það. Halli koma þarna aðeins of seint og ætlaði að skalla boltann í burtu af alefli en skallaði bara mig í burtu í staðinn,“ segir Tryggvi sem er með þrjú brot í andlitinu, tvö í kinnbeininu þar sem höggið kom og svo aðra sprungu undir auganu. Hann þarf að fara í aðgerð til þess að rétta kinnbeinið en sú aðgerð hefur þó ekki mikil áhrif á það hversu lengi hann verður frá.

„Ég sá stjórnur í byrjun og leið ekkert alltof vel strax en þetta var ekkert svo slæmt á eftir. Menn vildu ekki taka neina áhættu og það var



ÞRÍBROTIN Í ANDLITINU „Ég er þínu bólginn þar sem höggið sjálf var og svo er ég enn þá bara með þessa kúlu undir auganu sem að poppaði upp. Annars er ég bara gullfallgur,“ sagði Tryggvi Guðmundsson sem sést hér sýna á sér „betri“ hliðina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

brunað með mig í sjúkrahúsi beint í Fossvogin,“ segir Tryggvi en hann fylgdist vel með félögum sínum í Eyjalíðinu sem tókst að landa

sigrinum og komast upp í annað sæti deildarinnar.

„Ég var í gemesanum eiginlega allan tímann á leiðinni til Reykjavíkur og heyrði hvernig þetta gekk fyrir sig. Ég var sjálfsgöðu ánægður með að strákarnir kláruðu þetta,“ segir Tryggvi.

Þegar á sjúkrahúsið var komið fór Tryggvi í myndatöku og hann fékk síðan endanlegar niðurstöður eftir frekari skoðun í gærmorgun. „Það eina sem ég hugsaði um þegar lækarnir voru að tala við mig: Hvað verð ég lengi frá, hvað verð ég lengi frá? Mér var alveg sama um þetta blessaða andlit á mér,“ segir Tryggvi sem mun væntanlega mæta til leiks með grimu þegar hann snýr aftur á völinn.

„Þeir segja að ég verði frá í tvær til þrjár vikur sem þýðir að ég verð þá í frí fram að hléinu vegna 21 árs landsliðsins. Ég nenni ekki að hlusta á það. Það er allt of gaman að spila með þessu ÍBV-liði og það er markamet sem þarf að slá. Ég hef engan tíma í svona vitleysu,“ segir Tryggvi.

„Ég ætla að sjá til hvað gerist. Bikarleikurinn í vikunni er klárlega farinn og Víkingsleikurinn á sunnudaginn er ólíklegur en ég ætla að ná rest. Það getur samt vel verið að einhverjir lækna sem lesa þetta telji að ég sé alveg farinn í hausnum,“ segir Tryggvi í léttum tón.

„Mér finnst ótrúlegt að heyrja það að ég sé svona mikið brotinn og þurfi að fara í aðgerð miðað við það hvernig mér líður,“ segir Tryggvi. „Ég væri alveg til að fara á æfingu á eftir og finnst þetta fúlt en maður verður víst að hlusta á þessa lækna.

ooj@frettabladid.is

„Þessi leiksýning hefur allt sem þarf til að skapa vel heppnað og eftirminnilegt leikverk.“
I.P., Mbl.

„Þetta var geggjuð flott sýning, eins og gelgjan sagði. Og hvað viljið þið meira?“
B.S., pressan.is

„Critics choice“
Time Out, London

FAUST

AUKASÝNINGAR VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX

Vesturport | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

Markvarðavandræði Fylkis fyrir leikinn gegn FH:

Fylkismenn líklega með táníng í markinu

FÓTBOLTI Ísak Björgvin Gylfason, átján ára markvörður úr 2. flokki Fylkis, mun að öllum líkindum standa í marki Fylkis þegar liðið mætir bikarmeisturum FH í 32-liða úrslitum Valitor-bikarkeppinnar annað kvöld. Fjalar Þorgeirsson verður í banni og Bjarni Þórður Halldórsson er enn meiddur.

Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis, segir að félagið hafi ekki skoðað þann möguleika að fá markvörð á neyðarláni til félagsins þar sem búin er að loka fyrir félagskíptagluggann.

„Það gæti orðið ofan á að hann muni spila þennan leik,“ segir Ólafur um Ísak Björgvin. „Eins og er þá er útlit fyrir það. Þetta er strákur sem hefur verið að standa sig vel með 2. flokki og um að gera að láta á það reyna. Einhvern tímann verður að nota þessa drengi,“ segir hann í léttum dúr.

Bjarni Þórður er með brotinn fingur og er enn í gífsi. Það kemur því ekki til greina að hann spili leikinn gegn FH.

Fylkismenn fengu tvö rauð spjöld í leiknum gegn Breiðabliki á sunnudagskvöldið. Fyrst Valur Fannar Gíslason og svo Fjalar



VERÐUR Í BANNI Fjalar Þorgeirsson, markvörður Fylkis, má ekki spila með liðinu í bikarleiknum gegn FH á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

stuttu síðar. Þá meiddist Albert Brynjar Ingason og óvíst hvort hann verður með gegn FH. „Það verður að koma í ljós þegar líður á vikuna,“ segir Ólafur, „en ég er vongóður um að Kjartan Ágúst Breiðdal og Baldur Bett séu að komast á lappirnar, sem og Rúrik Þorfinnsson.“

Framtíðin enn óljós hjá Heiðari Helgusyni:

Heiðar er vongóður

FÓTBOLTI Ekkert liggur enn fyrir um framtíð Heiðars Helgusonar hjá QPR sem vann sér sæti í ensku úrvalsdeildinni á dögum. Samningur Heiðars við félagið rennur út í sumar.

„Það er ekkert í hendi enn,“ sagði Heiðar í samtali við Fréttablaðið. „Það hafa einhverjar víðræður átt sér stað en það er svo

mikið í gangi hjá félaginu þessa dagana. Ég er bara einhvers staðar í röðinni.“

Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að eigendur QPR staðfestu á dögum að Neil Warnock yrði áfram knattspyrnustjóri liðsins.

„Hann vill halda mér. Ég er því frekar vongóður en verð rólegur þar til ég skrifa undir.“

- esá

Aston Villa og Sunderland stórgræddu á lokadeginum

Enska úrvalsdeildin veitir félögunum í deildinni meira en 30 milljarða króna í verðlaunafé og ræðst skiptingin af lokastöðu liðanna í deildinni. Það var því að heilmiklu að keppa fyrir félögin í lokaumferðinni og víða háar upphæðir undir.

FÓTBOLTI Gjaldkerar Aston Villa og Sunderland hafa væntanlega brosað allan hringinn þegar þeir sáu lokastöðuna í ensku úrvalsdeildinni eftir lokaumferðina á sunnudaginn. Bæði lið unnu sína leiki og hoppuðu fyrir vikið upp um fjögur sæti. Það skiptir heilmiklu máli þegar kemur að úthlutun vinningsfjár í deildinni.

Aston Villa og Sunderland fá bæði 576 milljónum króna meira í sinn hlut ef mið er tekið af stöðu liðanna fyrir lokaumferðina. Aston Villa endaði í níunda sæti og Sunderland því tíunda og munar heilmiklu um það eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

En að sama skapi þurftu tvö lið að gjalda fyrir þetta. Stoke og Bolton töpuðu bæði í lokaumferðinni og féllu um fjögur sæti í stigatöflunni. Þau urðu því af áður nefndum upphæðum.

Stoke tapaði einmitt fyrir Wigan sem bjargaði þar með sæti sínu í ensku úrvalsdeildinni og hoppaði upp um þrjú sæti. Þar með græddi liðið 429 milljónir sem eru auðvitað smámunir miðað við það sem félagið fær fyrir það eitt að halda sæti sínu í deild þeirra bestu.

Sjónvarpstekjum er nefnilega skipt jafnt á milli liðanna sem leika í deildinni og í ár fær hvert lið sex milljarða króna í sinn hlut.

Þetta er þó aðeins grunnupphæðin. Þau lið sem eiga flesta leiki í beinni sjónvarpsútsendingu fá meira og fá því stærstu liðin meira í sinn hlut en þau minni þegar upp er staðið.



eirukur@frettabladid.is

GÓÐ KVEÐJUGJÖF Boudewijn Zenden skoraði eitt mark og lagði upp annað í 3-0 sigri Sunderland á West Ham um helgina. Sigurinn reyndist dýrmætur en þetta var síðasti leikur Zendens með Sunderland.

Sætaskipti í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar

Lið	Stig	Markat.	Sætaskipti	Breyting	Lokaupphæð
1. Manchester United	80	+41	-	-	2.860 milljónir króna
2. Chelsea	71	+36	-	-	2.717
3. Manchester City	71	+27	-	-	2.574
4. Arsenal	68	+29	-	-	2.431
5. Tottenham	62	+9	-	-	2.288
6. Liverpool	58	+15	-	-	2.145
7. Everton	54	+6	-	-	2.002
8. Fulham	49	+6	-	-	1.859
9. Aston Villa	48	-11	+4	+572	miljónir kr. 1.716
10. Sunderland	47	-11	+4	+572	1.573
11. West Bromwich Albion	47	-15	-	-	1.430
12. Newcastle	46	-1	-	-	1.287
13. Stoke City	46	-2	-4	-572	1.144
14. Bolton	46	-4	-4	-572	1.001
15. Blackburn	43	-13	-	-	858
16. Wigan	42	-21	+3	+429	715
17. Wolverhampton Wolves	40	-20	-1	-143	572
18. Birmingham	39	-21	-1	-143	429
19. Blackpool	39	-23	-1	-143	286
20. West Ham	33	-27	-	-	143



EITT AF FIMM Ingvar Þór Kale varð fyrstur til að sjá rautt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrstu fimm umferðirnar í Pepsi-deild karla:

Leikmenn sjá rautt í leikjum Breiðabliks

FÓTBOLTI Alls hafa fimm rauð spjöld farið á loft í fyrstu fimm leikjum Íslandsmeistara Breiðabliks í Pepsi-deild karla í sumar. Þeir fengu tvö rauð spjöld í fyrstu tveimur leikjum sínum og mótherjar þeirra hafa síðan fengið þrjú rauð spjöld í síðustu þremur leikjum.

Það er líka óhætt að segja að rauðu spjöldin hafi mikið að segja um úrslitin í leikjum Blika í þessum umferðum því að það lið sem hefur verið manni fleiri hefur unnið leikinn og eini leikurinn þar sem rauða spjaldið fór ekki á loft endaði með jafntefli.

Það hafa bara verið fullskipuð lið í 261 af 450 mínútum í boði í leikjum Blika til þessa í sumar og 8 af 19 mörkum í leikjum liðsins hafa komið eftir að rautt spjald fór á loft.

Rauðu spjöldin í leikjum Breiðabliks í sumar

Breiðablik-KR 2-3

Ingvar Þór Kale, Breiðabliki, fær beint rautt spjald á 19. mínútu í stöðunni 1-1. KR skoraði næstu tvö mörk.

FH-Breiðablik 4-1

Jökull Elísabetarson, Breiðabliki, fær rautt spjald á 67. mínútu í stöðunni 2-1 fyrir FH. FH skoraði tvö mörk manni fleiri.

Breiðablik-Grindavík 2-1

Guðmundur Andri Bjarnason, Grindavík, fær beint rautt spjald á 21. mínútu í stöðunni 1-0 fyrir Grindavík. Blikar skoruðu tvö mörk manni fleiri.

ÍBV-Breiðablik 1-1

Ekkert rautt spjald í leiknum.

Breiðablik-Fylkir 3-1

Valur Fannar Gíslason, Fylki fær rautt spjald á 64. mínútu og Fjalar Þorgeirsson, Fylki fær beint rautt spjald á 69. mínútu. Staðan er 2-1 fyrir Breiðabliki í báðum tilfellum.

- 66j

Boðaping 10-12

55+ Glæsilegar íbúðir fyrir fólk á besta aldri

NÝTT HÚS VIÐ BOÐAÞING



ELÍAS HARALDSSON, LÖGG. FASTEIGNASALI
ELIAS@HUSAVIK.NET

Þjónustumiðstöðin við Boðaping



NÝTT HÚS FRÁ HÚSVIRKI

Boðaping er reitur sem Húsvirki hf. og Hrafnista DAS fengu úthlutað til skipulagningar fyrir almennar íbúðir, þjónustuíbúðir, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð aldraðra. Þetta er skemmtilega skipulagt svæði sem myndar kjarna almennra íbúða í kringum hjúkrunaríbúðir og þjónustumiðstöð á vegum Kópavogsbæjar og Hrafnistu DAS.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.HUSAVIK.NET - Sími 510-3800

- ✓ Afhending í nóvember 2011.
- ✓ Íbúðir með sólskála.
- ✓ Íbúðir með hjónasvítu.
- ✓ Stærðir frá 52-170 m².
- ✓ Rúmgóð bílageymsla.
- ✓ Verð frá kr. 16,9 millj.

Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 22.10
Eastbound and Down

Það er komið að lokaþætti fyrstu þáttaraðar um hafnabolta-hetjuna Kenny Powers sem kveður heimabæ sinn á ný í leit að frægð og frama í Flórída.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst 06.40 Veðurfregni
06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.03 Vít og breitt
07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05
Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00
Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Eyðivejan
11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00
Hádegisútvarpið 12.20 Hádegisfréttir 12.45
Veðurfregni 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
13.05 Stjórnarskrá að eigin vali 14.00 Fréttir
14.03 Sker 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan:
Náðarkraftur 15.25 Málstofan 16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20
Auglýsingar 18.21 Spejillinn 18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni 19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið 20.30 Í heyranda hljóði 21.20
Trío 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð
kvöldsins 22.20 Fimm fjórðu 23.05 Matur er fyrir
öllu 00.00 Fréttir 00.05 Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

09.55 EastEnders 10.25 Fawley Towers 10.55
Allo, Allo! 11.30 Allo, Allo! 12.05 Keeping Up
Appearances 12.35 Fawley Towers 13.05 'Allo
'Allo! 13.40 Allo, Allo! 14.15 The Weakest Link
15.05 The Weakest Link 15.50 Fawley Towers
16.20 Allo, Allo! 16.55 'Allo, Allo! 17.30 Inspector
Lynley Mysteries 18.20 Inspector Lynley Mysteries
19.10 Top Gear 20.00 The Graham Norton Show
20.45 The Office 21.15 Little Britain 21.45
Coupling 22.15 Jack Dee Live at the Apollo 23.00
Inspector Lynley Mysteries

DR 1

12.00 Det Søde Sommerliv 12.30 Tanker under
jorden 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10
Aftenshowet 14.00 Timmy-tid 14.10 Chiro 14.15
Den fortryllede karrusel 14.30 Lille Nord 15.00
De uheldige helte 15.50 DR Update - nyheder og
vejr 16.00 Hvad er det værd? 16.30 TV Avisen
med Sport 17.05 Aftenshowet 18.00 Undercover
chef 18.30 Samanden & Juristen - historier fra et
hospice 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50
SportNyt 20.00 Wallander. Skyggerne 21.05 Unge
på druk 21.35 Kysset af spritten

NRK 1

11.35 Urx 12.00 NRK nyheter 12.05 Tett på
dyrene 12.35 Norge rundt 13.00 NRK nyheter
13.10 Par i hjertet 14.00 NRK nyheter 14.10
Nummer 1 14.50 Filmavisen 1960 15.00 NRK
nyheter 15.10 Dyrisk 15.40 Oddasat - nyheter
på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00
Førkveld 16.40 Distriktsnyheter 17.45 Grønn
glede 18.15 The Norwegian Solution 18.45 Extra-
trekning 18.55 Distriktsnyheter 19.30 Brennpunkt
20.30 Nurse Jackie 21.00 Kveldsnytt 21.15 Holby
Blue 22.05 Norge i krig - oppdrag Afghanistan

svt1

10.30 Det söta livet 11.00 Karin Månsdotter
12.40 Klädkod 13.10 Gomorron Sverige 14.00
Rapport 14.05 Hollywoodredaktionen 14.30 Så
ska det låta 15.30 Sverige idag 15.55 Sportnytt
16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala
nyheter 16.15 Genom Ryssland på 30 dagar
17.00 Kulturmytterna 17.15 Regionala nyheter
17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Pojskolan
med Gareth Malone 19.00 Soldater i mänsken
20.00 Dox 21.00 Brottet och straffet 22.30 Hung
23.00 Rapport 23.05 Fader Amaras synder

Afmælisveislan er hafin

GRAY'S ANATOMY

FORMÚLA 1

PEPSI-DEILDIN

COPA AMERICA

HEIMSBORGARINN
LEIKKONAN ÍLMUR Á FERÐ UM HEIMINN

So You Think You Can Dance

GRILLSKÓLI JÓA FEL
ALLT UM GRILLIÐ Í SUMAR

TRUE BLOOD

TAKTU ÞÁTT Í FJÖRINU!
ÞÍN BIÐUR ÓMISSANDI DAGSKÁ Á 25 ÁRA
AFMÆLI STÖÐVAR 2.

JÓI FEL GRILLAR, RIKKA LEGGUR HEIMSMENN-
INGUNA Á BORD OG LEIKKONAN ÍLMUR FERÐAST
MILLI STÓRBORGA. FORMÚLAN OG PEPSI-
DEILDIN TAKA SÉR EKKERT FRÍ OG S-AMÉRÍKA
LOGAR Í COPA AMERICA.

ÞAÐ ER ENGIN ÁSTÆÐA TIL AÐ MISSA AF
FRÁBÆRRI DAGSKRÁ Í SUMAR. **Stöð 2**
HEFUR ALDREI VERIÐ SKEMMTILEGRI.

Skemmtilegri
25 ár

HEIMSRÉTTIR RIKKU
KOMDU MEÐ Í
SÆLKERAFERÐ
UM HEIMINN

**HORFÐU HVAR SEM ER
HVENÆR SEM ER**
FÆRÐU ÁSKRIFTINA Í BÚSTAÐINN Á 0 KR.
HELGARÁSKRIFT Í BÚSTAÐINN Á AÐEINS 1.990 KR.
Stöð 2 PLÚS OG Stöð 2 FRELSI Á VOD FYLGIR.

STÖÐ 2 VILD
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR AF ÁSKRIFT
+ 5% Stöð 2 PUNKTA AFSLÁTTUR

ÞÚ SAFNAR ALLT AÐ 1.280
Stöðvar 2 PUNKTUM Á MÁN.

VILD
Allt fyrir áskrifendur



ÓDYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

ÞAÐ ER

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000





Hefur skráð sig á surfnámskeið í sumar! Öðruvísi ykkur áður brá!

Björk Eidsdóttir sjónvarpskona hefur ekki áhyggjur af köldu sumri.

Stór mynd með stórum stjörnum

„Við erum búin að vera að vinna í þessu verkefni mjög lengi og höfum sinnt mikilli rannsóknarvinnu. Við höfum rætt við fólk sem kom að þessum fundi, bæði á Íslandi, í Bandaríkjunum og Rússlandi,“ segir Stewart MacKinnon, einn af aðalframleiðendum kvikmyndarinnar Reykjavík.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku er allverulegur skriður kominn á gerð kvikmyndarinnar sem á að fjalla um leiðtogafund Ronalds Reagan og Mikhaíls Gorbatsjov í Höfða árið 1986. Fram kom í fréttatilkynningum á netinu að breski leikstjórinn Ridley Scott myndi leikstýra myndinni

en MacKinnon segir það ekki vera sannleikanum samkvæmt. Framleiðslufyrirtæki Scotts, FreeScott, komi að framleiðslunni. MacKinnon er hins vegar bjartsýnn og segir að ef allt gangi að óskum hefjist tök strax á næsta ári.

MacKinnon er reynslubolti í sjónvarps- og kvikmyndaíðnaðinum og forðast því að gefa alltof mikið upp. „En ég get þó sagt, að þetta er stór mynd með stórum stjörnum sem verður hugsuð fyrir alþjóðlegan markað. Hún verður tekin upp í Reykjavík enda leikur höfuðborgin og umhverfið hennar stórt hlutverk í myndinni,“ útskýrir MacKinnon en hann líkir myndinni við

kvikmyndina Frost/Nixon sem var frumsýnd fyrir þremur árum. Sú mynd kostaði 35 milljónir dollara eða fjóra milljarða í framleiðslu. „Við sjáum þetta sem mjög mikilvæga sögu, þar sem tveir fulltrúar ólíkrar hugmyndafræði settust niður og reyndu að ná einhvers konar samkomulagi. Við teljum þetta mynd sem eigi erindi við áhorfendur í dag.“

SÖGULEG STUND Þegar Reagan og Gorbatsjov hittust í Höfða beindist kastljós heimspressunnar að Íslandi. Nú stendur til að gera kvikmynd með stórum stjörnum um þessa sögulegu stund.



EGF HÚDDROPAR

„Kannski er hugmyndin um lítersflösku ekki svo vitlaus.“
Vogue, Þýskalandi

www.sifcosmetics.is

SUPERSUB

-50%
af lambasamlokum gegn framvisun auglýsingar

Nýbýlavegi 32 · S: 577 5773 · supersub.is

FRÉTTIR VÍÐSKIFTI ÍFRÓTTIR LÍFIÐ UMVEÐAN

VÍSIR
Meiri Vísir.

ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON: ÉG TJÁI MIG EKKERT UM ÞETTA

Miklar matarkröfur Eagles

Matarkröfur Eagles fyrir tónleikaferð sína Long Road Out Of Eden eru gríðarlegar samkvæmt lista sem Fréttablaðið komst yfir á netinu. Búast má við að íslenskir tónleikahaldarar þurfi að uppfylla einhverjar af þessum kröfum þótt þeir geti eflaust ekki reddað Starbuckskaffi eins og beðið er sérstaklega um. Ísleifur B. Þórhalls-son, sem stendur fyrir tónleikum Eagles, sagðist ekkert vilja tjá sig um kröfur Eagles, þær væru trúnaðarmál.

Matarkröfurnar eru jafn strangar og þær eru margar. Mikilvægt er að maturinn sé heilsusamlegur þar sem fólk í föruneysi Eagles er að reyna að hugsa um heilsuna, eins og kemur fram á kröfulistanum á netinu. Öll búningsherbergi verða að vera full af ferskum ávöxtum og grænmeti ásamt nýbókuðu brauði. Mikilvægt er að harðsoðin egg sem verða í boði séu köld, með sprungulausri skurn. Þá verða vínber að vera svo fersk, að þegar þau eru hrist slitna þau ekki úr klasanum.

Krafan um ferskleika er ströng, sem kristallast í kröfunni um hágæða safapressur frá annaðhvort Juice Man eða Breville. Þeir leyfa sér þó líka að sukka, en Don Henley biður sérstaklega um snakk frá Lays og átta pakka af tyggjó með suðrænu og piparmyntubragði. Loks þarf allur matur að vera borinn fram á leirtaui, ekki plastdiskum og hnífapörin verða að vera úr silfri.

Þeir Glenn Frey, Don Henley, Joe Walsh og Timothy Schmidt gera kröfu um að vera í sérbúningsherbergjum á þeim tónleikastöðum sem þeir spila og þeir leggja þá væntanlega öll búningsherbergin í Laugardalshöll undir sig. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst verður stór bílafloki til taks fyrir þá en einhverjir Eaglesliðar hafa á tónleikaferðum sínum notast við einkabílstjóra. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst



STRANGAR KRÖFUR

Kröfulisti hljómsveitarinnar Eagles er gríðarlega langur. Búningsherbergin í Laugardalshöll þurfa að vera full af alls kyns ferskum kræsingum og hljómsveitin tekur með sér tvo kokka til að elda ofan í sig og föruneysi.



hafa Eagles-menn einnig notað sína eigin kokka á tónleikaferðum sínum og gera má ráð fyrir því að engin breyting verði á því þegar þeir koma til Íslands.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu mætir einhver hluti starfsfólksins fjórum dögum fyrir

tónleikana til að hefja uppsetningu á sviði og hljóðkerfi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mæta meðlimir Eagles til landsins á einkaþotu tveimur dögum fyrir tónleikana. Miðasala á þá 200 miða sem eftir eru hefst á föstudaginn á vefsíðunni midi.is.

LISTAHÁTIÐ Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL
2011
20. MAÍ – 5. JÚNÍ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
www.listahatid.is

Ókeypis aðgangur að betri stofum á 600 alþjóða-flugvöllum
með Priority Pass®

Premium Icelandair American Express® er betri ferðafélagi. Kynntu þér kostina á americanexpress.is

Kortið sem kemur þér út

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

Leggur á sig átta stunda akstur

„Það er óvenjulegt sumarfríð sem við tökum þetta árið en ég er mjög spennt,“ segir Dóra Sif Ingadóttir, kærasta knattspyrnumannsins Bjarna Þórs Viðarssonar, fyrirlíða unglíngalandsliðsins í knattspyrnu. Hún ætlar að fylgja kærastanum til Danmerkur og styðja landsliðið á Evrópumótinu. Fjölskyldur þeirra hafa leigt sér hús og ætla að vera saman yfir mótið.

Dóra Sif þarf engu að síður að leggja á sig smá ferðalag fyrir keppnina. „Ég fer fyrst til Belgíu og sækir bílinn okkar þangað. Keyri svo til Danmerkur með mömmu en það tekur um átta tíma. Við verðum að vera á bíl til að geta keyrt milli leikja,“ segir Dóra Sif en hún er búsett í Belgíu þar sem Bjarni spilar fyrir úrvalsdeildarliðið KV Mechelen.

Dóra kveðst mjög stolt af kærastanum og hinum strákunum í liðinu. „Maður fyllist miklu þjóðarstolti á landsleikjum svo ég á von á að þetta verði skemmtilegur tími,“ segir Dóra Sif en hún ætlar að reyna að húa saman kærustum leikmanna sem fara til Danmerkur. „Við Ragga [Ragnheiður Theodórsdóttir, kærasta Rúriks Gíslasonar] ætlum að hittast úti og reyna að búa til stemmingu. Enda á ég ekki von á því að við eigum eftir að hitta strákana mikið, þeir verða örugglega lokaðir inni á hótélherbergi mestallan tímanna.“



STOLT AF STRÁKNUM Dóra Sif Ingadóttir, kærasta Bjarna Þórs Viðarssonar, fyrirlíða unglíngalandsliðsins, er að undirbúa ferð sína á EM í Danmörku.

Dóra Sif, sem er 23 ára og í fjarnámi frá Háskóla Íslands, segist finna fyrir miklum áhuga fyrir EM í kringum sig en er hún bjartsýnn á gengi liðsins í Danmörku? „Ég er smá stressuð fyrir þeirra hönd en samt það bjartsýnn að ég bókaði gistingu fram yfir úrslitaleikinn.“

BBQ Nýtt Á KFC Beikon BOXMASTER™

Orginal
kjúklíngabringa,
ostur,
brakandi beikon,
ferskt salat,
tómatar,
kartöfluskífa,
toppað með
æðislegri
BBQ SÓSU



649
kr.



SVOOOGOTT™

0gr.
trans-
fita

www.kfc.is

FAXAFENI • GRAFARHOLTÍ • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI



Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Herra Gos náði gosinu

Andri Ólafsson, fréttamaður Stöðvar 2, hefur verið á þönum síðastliðna daga og hefur lítið verið heima fyrir. Hann fór fyrir hönd fréttastofunnar til Washington til að fylgjast með fundi Hillary Clinton og Óssurar Skarphéðinssonar og var varla búinn að taka upp úr ferðatöskunum og jafna sig á flugþreytunni þegar það byrjaði að gjósa í Grímsvötnum. Andra nú til halds og trausts er herra Gos, sjálfur Kristján Már Unnarsson, en litlu mátti muna að hann hefði misst af þessu gosi því hann rétt náði til landsins skömmu fyrir flugbannið. Mörgum er eflaust í fersku minni að Kristján Már var fastur í Frakklandi þegar Eyjafjallajökull gaus, sjálfum sér til lítillar gleði.



KALDA á leið til London

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í febrúar hafa systurnar Katrín Alda og Rebekka Rafnsdætur, sem hanna saman undir merkinu KALDA, samið við verslunarisann Liberty í London um sölu á nýjstu vorlinu sinni. Línan heitir Rjúfland og það er mikill heiður fyrir íslenskt merki að komast að hjá Liberty, sem selur meðal annars hönnun Soniu Rykiel og Vivienne Westwood. Iðnaðar ráðuneytið greindi frá þessu í gær í átaki sínu um að birta eina góða frétt á dag. Sagði ráðuneytið frá því að verið væri að ganga frá fyrstu vörusendingunni til London.



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Flugstjóri Air France var aftur í vélinni
- 2 Skyggnið ekkert – aðstæður eru hrikalegar
- 3 Keflavíkurflugvöllur opnar síðdegis – Ícelandair flýgur
- 4 16 drukknuðu í barnaafmæli
- 5 Kirkjubæjarklaustur: Ótrúlega furðuleg tilfinning

Vesturport
HÚSMÓÐIRIN
NÝR ÍSLENSKUR GLEÐILEIKUR
Ósottar pantanir seldar daglega!
568 8000 | borgarleikhus.is



Gerðu gæða- og verðsamanburð

Sjá nánar verð og tilboð á www.svefn.is

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

SAGA OG ÞÓR


Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



Verðdæmi:
SAGA Queen rúm **129.900**
ÞÓR Queen rúm **149.900**

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Þrýstijöfnun er lykilorðið
Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak
Betri öndun
Til í öllum algengustu rúmstærðunum




IQ-Care heilsukoddinn



Aðlagast fullkomlega að hálsi og höfði.
Fæst í 3 stærðum

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu.



BOARD S-CAPE WALLHUGGER

dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.
Fæst í eftirfarandi breiddum:
80, 90, 97, 120, 140 og 150 cm

Board hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði.
S-Cape er einnig með þráðlausu fjarstýringu og nuddi.



Framtíðin í stillanlegum rúmum.
Sjón er sögu ríkari



BOAS
Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**
Hægindastóll **79.900**
Tilboð Svefnsófi **127.425** (25% afsl)
Til í ljósu og dökku leðri



BOAS
Lýftustóll
2 tegundir
Verð frá **129.900**
Til í ljósu og dökku leðri

